

SKESSUHORN

FRÉTTAVEITA VESTURLANDS – www.skessuhorn.is

36. tbl. 27. árg. 4. september 2024 - kr. 950 í lausasölu



Kærustuparið Dalrós Líf Richter og Aron Snær Einarsson frá Akranesi eru stoltir fósturforeldrar æðarfugls sem þau hafa haft hjá sér undanfarinn hálfan annan mánuð, allt frá því hann braust úr egginu með talsverðri fæðingaraðstoð. Fuglinn Dúdu er eitt af þremur heimilisdýrum hjá þeim, en vissulega það sem

krefst mestrar umönnunar. Hann er bókstaflega dekraður í drasl enda þarf hann í uppveiti sínum að éta tvöfalda þyngd sína á hverjum degi. Sjá viðtal við parið og fósturforeldra Dúdu á miðopnu.

Ljósm. vaks

Eldur í íbúð fjölbýlishúss

Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar var klukkan 22:35 síðastliðið fimmtudagskvöld kallað út að fjölbýlishúsinu Asparskógum 16 á Akranesi. Þar logaði mikill eldur í íbúð á neðri hæð og talsverðan reyk

lagði um hverfið. Einn var í íbúðinni þegar eldurinn kom upp og komst óslasaður út. Slökkvistarf gekk greiðlega og var strax hafist handa við að reykraða íbúðina. Töluverðar skemmdir urðu á íbúðinni. *mm*



Hér eru slökkviliðsmenn að hefja störf á vettvangi.

Ljósm. mm

Nýtt kvótaár er hafið

Fyrsti september ár hvert markar upphaf nýs kvótaárs í sjávarútvegi. Þeir sem ekki ná að treina kvóta sinn allt árið, halda þá gjarnan til veiða eftir sumarstopp. Meðfylgjandi mynd var tekin snemma á mánudagsmorgun. Þarna er verið að losa 1,6 tonn úr pokanum hjá dragnótarbátnum Sveinbirni Jakobssyni SH frá Ólafsvík. Var þetta fyrsti aflinn í fyrstu veiðiferð haustsins. Alfons Finnsón fréttaritari Skessuhorns er í afleysingum um borð og smellti þessari mynd þegar hann var búinn að sjóða hafragrautinn í karlana um borð.



mm / Ljósm. af



Dýrabær

Við erum flutt!

Verslun okkar á Akranesi hefur flutt

Við tökum vel á móti ykkur í glænýrri verslun

Smíðjuvöllum 32
(Sama hús og Bónus)

APÓTEK
VESTURLANDS

Opið
alla
daga
ársins



HEYRN

Heyrnarþjónusta

s:534-9600

www.heyirn.is

Árangur fyrir mér
er að ákveða hvenær
ég hætti að vinna

Viðbótarlífeyrissparnaður
Arion





Íbúar af erlendum uppruna, búsettir á mismunandi svæðum Vesturlands á fundi.



Héðinn Unnsteinsson ráðgjafi hjá Úrbana ræðir um sóknaráætlun Vesturlands.

Endurnýjun Sóknaráætlunar Vesturlands í fullum gangi

Nú stendur yfir vinna við nýja Sóknaráætlun Vesturlands sem gilda á árabilið 2025-2029. Í vor var undirritaður samningur þess efnis að ráðgjafateymi Úrbana ynni með SSV að nýrri áætlun.

ÞAÐ GERÐIST ÞENNAÐ DAG

Dagurinn í dag, 4. september, er 248. dagur ársins sem þýðir að það eru 118 dagar eftir af árinu. Á þessum degi árið 1943 kom Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness út og hlaut mjög góðar viðtökur. Árið 1969 var Björgvin Halldórsson, sem þá var 18 ára, kosinn poppstjarna ársins á popphátíð í Laugardalshöll í Reykjavík. Árið 1973 ákvað Magnús Torfi Ólafsson menntamálaráðherra að fella brott stafinn z úr opinberu íslensku ritmáli. Mánudagsmótmaelin hófust í Leipzig í Þýskalandi árið 1989. Þau voru upphafið að ferli sem lauk með falli Berlínarmúrsins um mánuði síðar. Árið 1998 var bandaríska tölvufyrirtækið Google stofnað af Larry Page og Sergey Brin, nemendum við Stanford háskóla í Kaliforníu.

VEÐURHORFUR

Á fimmtudag má búast við sunnan- og síðar suðvestan 10-20 m/s og rigningu, hvassast norðan til. Dáltil væta síðdegis en léttir til norðaustan- og austanlands. Hiti 10 til 20 stig, hlýjast á norðaustanverðu landinu. Á föstudag er gert ráð fyrir suðvestan 5-13 og létt-skýjað verður austan til á landinu, annars dáltil súld. Rigning vestanlands um kvöldið. Hiti 8 til 16 stig, hlýjast á Norðaustur- og Austurlandi. Á laugardag eru líkur á stífri suðvestanátt og víða bjart en skýjað með köflum og smáskúrir vestanlands. Hiti breytist lítið. Á sunnudag verður norðlæg eða breytileg átt og dáltil væta. Kólnandi veður.

SPAKMÆLI VIKUNNAR

Eftirvæntingin er stækkunargler morgundagsins.

VESTLENDINGUR VIKUNNAR

Margrét Þorvaldsdóttir kennari í Grundaskóla á Akranesi lét af störfum í vor eftir að hafa starfað við skólann í ein 35 ár. Margrét er í viðtali í blaðinu í dag og er Vestlendingur vikunnar að þessu sinni.

vaks

Til að meta árangur fyrri áætlunar og setja fram meginmarkmið og áherslur í næstu áætlun hefur verið leitað eftir viðtæku samráði við mismunandi hópa fólks. Rafrænar spurningakannanir hafa verið sendar á styrkþega sem hlotið hafa styrki úr Uppbyggingarsjóði, sem og á sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi auk þess sem fundað hefur verið með nokkrum rýnihópum, svo

sem ungum íbúum á Vesturlandi, brottfluttum Vestlendingum og nýbúum í landshlutanum.

Til að kalla fram áherslur hópanna voru fjórar spurningar lagðar fyrir hvern hóp þar sem markmiðið er að komast að því hvað væri vel gert og hvað megi gera betur. Næsta skref í samráðsferlinu verður opið íbúðing í Hjálmakletti miðvikudaginn 18. september, þar sem íbúum á

Vesturlandi verður boðið að taka þátt í mótun sóknaráætlunar.

Meðfylgjandi myndir eru frá því að haldinn var fundur með nýbúum á Vesturlandi, þar sem íbúar af erlendum uppruna, búsettir á mismunandi svæðum Vesturlands, komu saman í sal Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og ræddu við Héðinn Unnsteinsson ráðgjafa hjá Úrbana um sóknaráætlun.

big

Manni bjargað úr sjálfheldu í klettum austan við Rauðfeldsgjá

Rétt upp úr klukkan 14:00 síðastliðinn miðvikudag barst Björgunarsveitinni Lífsbjörgu í Snæfellsbæ útkall vegna manns sem hafði komið sér í sjálfheldu í gili austan Rauðfeldsgjár á Snæfellsnesi. Hafði maðurinn klifrað um 30-40 hæðarmetra upp bratt gil og treysti sér ekki

afgur niður. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbjörgu var verkefnið krefjandi og reyndi á klifurfærni björgunarfólks á bröttustu köflunum en auk þess var mikil grjóthrunshætta niður gilið.

Björgunarfólk fór upp fyrir manninn, setti upp línur og seig niður til hans þar sem hægt var

að tryggja hann í línu og aðstoða niður. Maðurinn var nokkuð kaldur og skelkaður þegar niður var komið, en þó feginn að komast úr brattlendinu. Verkefnið tók rúma fjóra klukkutíma og alls voru átta björgunarsveitarfélagar sem tóku þátt.

mm/ Ljós. Landsbjörg



Verkefnið reyndi mjög á klifurfærni auk þess sem hætta á grjóthruni var mikil.



Hér er dreginn rauður hringur um staðinn sem maðurinn var í sjálfheldu á.

Vaðlaug komin í gagnið á ný

Í sumar var ráðist í viðhaldsframkvæmdir á Sundlaug Stykkishólms. Eftir að framkvæmdir hófust var ákveðið að skipta einnig um yfirborðsefni í vaðlauginni í ljósi þess að flísar á henni voru orðnar lélegar. Eftir að flísar voru fjarlægðar komu í ljós skemmdir á steypu og var undirbúningsvinna því tímafrekari en áætlað var. Verkefnið dróst svo á langinn vegna verkefnastöðu hjá verkta. Þá þurfti einnig að byggja yfir lauginna til að forða henni frá bleytu á meðan framkvæmdum stóð. Verkinu er nú lokið og búið að opna vaðlauginna á ný.

vaks



Vaðlaugin er alltaf vinsæl.

Ljós. stykkisholmur.is



Kylfingar yfir 26 þúsund

LANDIÐ: Golfþróttin hér á landi er sífellt að vaxa. Fram kemur í tilkynningu frá Golf-sambandi Íslands að þegar nýjstu tölur golfklúbba eru skoðaðar þá fjölgaði kylfingum um 9% milli ára eða um rúmlega 2.000 kylfinga á öllum aldri. „GSÍ hefur spáð fyrir um 2% fjölgun kylfinga árlega og fer þetta því fram úr björtustu vonum. Kylfingar á Íslandi hafa aldrei verið fleiri en nú. Í júlí í sumar voru 26.349 félagsmenn skráðir í golfklúbba víðs vegar um landið. Þá er þetta í fyrsta sinn sem heildarföldi félagsmanna fer yfir 26.000.“ Kylfingum sem eru 15 ára og yngri fjölgar um 11% á milli ára en í aldurshópnum 29 ára og yngri var aukningin mest. Kylfingum á aldrinum 16-19 ára fjölgaði um 16% og 20% aukning var í aldurshópnum 20-29 ára. Í aldurshópnum 70-79 ára var 9% aukning og 14% aukning var í aldurshópnum 80 ára og eldri.

-mm

Sverrismót framundan

HVANNEYRI: Sunnudaginn 8. september verður haldið Sverrismót í knattspyrnu á Hvanneyri. Mótið er haldið árlega og er til minningar um Sverri Heiðar Júlíusson íþrótta- og æskulýðsleiðtoga á Hvanneyri. Leikið verður á Sverrisvelli og hefst mótið klukkan 13.00. Skipt verður í eftirfarandi aldursflokka (miðað við fæðingarár): 9 ára og yngri, 10-14 ára og 15 ára og eldri. Innheimt verður keppnisgjald fyrir 15 ára og eldri að upphæð 1000 kr. Í leikjum Sverrismóts eru fimm leikmenn inná í einu í hvoru liði, en samtímis verður spilað á þremur völlum. Spilaðir verða tvisvar sinnum sjö mínútna leikir og verður hálfleikur í um það bil eina mínútu. -big

Á 90 km hraða innan bæjar

VESTURLAND: Í liðinni viku voru höfð afskipti af 58 öikumönnum í umdæmi Lögreglunnar á Vesturlandi vegna of hraðs aksturs. Þar af var einn mældur á um 90 km hraða innanbæjar þar sem hámarkshraði er 50 km/klst. Fimm öikumenn eru grun aðir um að aka undir áhrifum í liðinni viku, tveir undir áhrifum fíkniefna og þrír undir áhrifum áfengis. Lögregla hafði afskipti af 13 ára barni sem ók bifreið í liðinni viku og var málið afgreitt með aðkomu barnaverndaryfirvalda og forráðamanna barnsins. -vaks

Stofn

Endurgreiðslur í 30 ár



Á hverju ári fá þúsundir tjónlausra viðskiptavina Sjóvá Stofnendurgreiðslu. Þannig hefur það verið í 30 ár.

Sjóvá | 440 2000 | sjova.is | sjova@sjova.is

SJÓVÁ

SKESSUHORN



Garðabraut 2a - Akranesi - Sími: 433 5500 - www.skessuhorn.is

Prentútgáfa Skeessuhorns kemur út alla miðvikudaga. Skilafrestur auglýsinga er til hádegis á þriðjudögum. Auglýsendum er bent á að panta auglýsingapláss tímanlega í síma 433 5500 eða á auglysingar@skessuhorn.is

Skeessuhorn býður þrjár leiðir til áskrifta. 1) Skeessuhorn er prentað í 3.200 eintökum og selt til áskrifenda og í lausasölu. Áskriftarverð er 4.575 krónur með vsk. á mánuði. 2) Rafræn áskrift (PDF áskrift að blaði) kostar 3.585 kr. 3) Vefáskrift að www.skessuhorn.is kostar 1.998 krónur á mánuði. Áskrifendum blaðs býðst 50% afsláttur af vefáskrift vilji þeir bæta henni við og greiða þá 999 kr. Pöntunarform fyrir allar áskriftarleiðir er á skessuhorn.is

SKRIFSTOFA BLAÐSINS ER OPIN KL. 9-16 VIRKA DAGA

Útgefandi: Skeessuhorn ehf.

skessuhorn@skessuhorn.is

Ritstjórn:

Magnús Magnússon, ritstjóri s. 894 8998
Hafþór Ingi Gunnarsson
Valdimar K. Sigurðsson

magnus@skessuhorn.is
hig@skessuhorn.is
vaks@skessuhorn.is

Auglýsingar og dreifing:

Tinna María Ólafsdóttir

auglysingar@skessuhorn.is

Umbrot og hönnun:

Siggi Sigbjörnsson

umbrot@skessuhorn.is

Bókhald og innheimta:

Guðbjörg Ólafsdóttir

bokhald@skessuhorn.is

Prentun: Landsprent ehf.

LEIÐARI

Þjóðaráttaks er þörf



Alltaf hefur það verið svo að mannlíf og menning breytist í takti við tíðarandann. Ekki eru endilega sömu gildi og venjur hjá nýjum kynslóðum og þeim sem á undan gengu. Ég ætla að leyfa mér að hverfa fjóra áratugi aftur í tímann. Á þritugsaldri hafði ég sem hlutastarf að vera húsvörður í stóru félagsheimili í sveitinni. Stundum var þetta allmikið aukastarf í ljósi þess að húsið var stórt og rúmaði ólíkar gerðir af mannamótum. Þar voru haldnir fundir og húsið var vinsælt til tónleikahalds. Veislur voru af ýmsu tagi, ættarmót - en ekki síst sumarhöllin. Líklega var þetta næstsíðasti áratugur sumarballanna í landinu, sem þá höfðu áratugin á undan verið með lítt breyttu sniði. Hljómsveitir spiluðu og unga fólk streyndi að úr nærliggjandi sveitum og þéttbýlisstöðum, jafnvel voru sætaferðir með Sæmundi. Stundum var fjölmenni mikið, ekki síst ef bandið var vinsælt. Spilað var inn í miðja sumarnóttina og það var jafnvel ekki fyrr en undir morgun sem síðustu gestirnir voru farnir af hlaðinu.

Á þessum árum voru harðari efni fátíð og bjórnin ekki til. Ef fólk drakk, kom það nestað með einhverju sterku víni á flösku eða pela og blandað var í gos. Ég man að undir lok þessa tímabils sem ég starfaði við húsvörsluna fann ég hasslykt í fyrsta skipti. Líklega hefur það verið rétt fyrir 1990. Slík efni og enn harðari voru sem betur vart til í þá daga. Vissulega gat fólk orðið sauðdrukkíð en reglan var sú að það þurfti að geta gengið óstutt til að vera hleypt inn á ballið. Inni var gæslan öflug, vaskt fólk úr ungmennafélaginu eða björgunarsveitinni fengið til að sjá til þess að allt færi vel fram. Það kom fyrir að tuskast væri dálítið og jafnvel maður og annar sleginn. Þá var umsvifalaust skorist í leikinn. Starfsmenn tóku viðkomandi ólátabelgi og settu þá út til kælingar og ef þeir létu ekki segjast tók lögregla þá til handargagns. Aldrei var beitt vopnum.

Á þessum árum þótti það sjálfsgæður hlutur að unga fólk færi á sumarhöll. Þau voru vettvangur til að hittast; dansa og skemmta sér. Jafnvel að ný sambönd yrðu til. Svo veit ég ekkert hvað gerðist, en allavega á tíunda áratugnum lognuðust þessar samkomur út af. Hvort fólk hafi hætt að mæta, eða dregið hafi verið úr framboðinu, skal ég ekki segja til um. Dansleikir af þessu tagi eru í það minnsta afar fátíðir í dag. Einna helst að dansað sé á þorralótum sem þá eru ekki endilega sótt af sama aldurs hópi og var uppistaðan á sumarhöllunum hér áður.

Svo liðu tímarnir, ný öld rann upp og enn áttu venjur eftir að breytast. Ungt fólk fór að vera minna úti á meðal jafnaldra sinna og lausar stundir frekar notaðar framan við tölvur og nú síðasta áratuginn símana sem eru jú líka tölvur. Ungt fólk hefur óskertan aðgang að ýmsu efni í þessum tækjum, landamæri eru í þeim skilningi engin og krakkarnir eru jafnvel orðnir færari í samskiptum á ensku en íslensku. Raunar er þetta það sem kalla mætti stórfelld breyting, svo ekki sé dýpra í árinna tekið. Nú er ég ekki á nokkurn hátt að gera lítið úr þeirri kynslóð ungra Íslendinga sem er að vaxa úr grasi. Óruglega bestu skinn upp til hópa, en eru eins og við hin mótuð af uppeldinu, samskiptum við aðra og þeirri dagrastyttingu sem laðast er að.

Tílfni þessara skrifa eru sá óhuggulegi atburður sem varð í Reykjavík að kvöldi menningarnætur. Unglingspiltur er þar á ferð undir miðnætti, bregður upp hnífi og slasar þrjá, þar af unga konu lífshættulega. Að því er virðist tilviljunarkennt hverjir urðu fórnarlömbin. Unga konan lá á milli heims og helju á sjúkrahúsi og lést nokkrum dögum síðar. Samfélagið allt er lamað af sorg. Faðir stúlkunnar tilkynnti andlát hennar og skrifaði: „Hún var hjartahljásta og saklausasta mannværan sem hefur stigið á þessari jörð. Hún var of góð, trúði engu slæmu upp á aðra og var ljósberi fyrir alla sem henni kynntust.“ Hann bætti svo við: „Slíkar manneskjur eru í mestri hættu þegar ólíkir heimar skarast.“ Faðirinn hvatti til þess að þessi dýra og óbærilega fórn sem dóttir hans færði skyldi og yrði að leiða til þess að bjarga mætti mannlífum. Ég tek undir það. Við Íslendingar þurfum þjóðaráttak til að koma því til skila meðal ungmenna að hnífa- og annar vopnaburður er ekki norm sem við getum nokkru sinni sætt okkur við. Við getum einfaldlega ekki sætt okkur við að mannlíf og menning okkar taki breytingum í takti við það ofbeldi og ófögnuð sem víða er að finna í kvikmyndum, tölvuleikjum eða á samfélagsmiðlum. Tökum því til okkar ráða og breytum þessu áður en fórnarlömb slíkrar ómenningar verða fleiri.

Magnús Magnússon

Fiskibátur sigldi á rekald



Fiskibáturinn dreginn í land af björgunarskipinu Björgu.

Ljósm. Landsbjörg.

Klukkan 20.30 síðastliðið fimmtudagskvöld var áhöfn björgunarskipins Bjargar í Snæfellsbæ kölluð út vegna lítills fiskibáts sem hafði lent í því að sigla á rekald í sjónum. Skrufan varð óvirk en vélin gekk þrátt fyrir atvikið. Þetta kom fram í tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu. Ekki þurfti björgunarbáturinn að fara langt því báturinn var staddur rétt vestur við höfnina í Rífi. Taug var komið frá Björgu yfir í bátinn sem var dreginn

til hafnar og lauk aðgerðum um klukkan hálf tíu um kvöldið. Fram kom einnig að enginn leki hafi komið að bátinum við höggið sem hann fékk á sig en hann rak hægt frá landi.

Þeim fækkar nú útköllunum sem áhöfn Bjargar á eftir að fara

á þessu skipi, sem er að nálgast fertugsaldurinn, því í liðinni viku var nýja Björgin sjósett hjá skipasmíðnum Kewatec í Finnlandi. Hún er væntanleg til landsins á næstu vikum eftir prófanir úti, segir í tilkynningunni.

big

Sjóvá opnar skrifstofu í Stykkishólmi

Mánudaginn 9. september næstkomandi mun Sjóvá opna skrifstofu í Stykkishólmi, í gamla Búnaðarbankahúsnæðinu við Aðalgötu 10. Sjóvá var áður með skrifstofu í Ólafsvík og er fyrirtækinu mikið í mun að halda úti þjónustu á Snæfellsnesinu. Ráðinn hefur verið til starfa Jón Haukur Hilmarsson sem er kunnugur svæðinu og mun þjóna öllu Snæfellsnesi.

„Ég er ættaður úr Ólafsvík og konan mín er frá Stykkishólmi. Síðastliðin ár hef ég unnið sem forstöðumaður íbúakjarna fyrir fólk með fötlun en fékk ábendingu um lausa stöðu og ákvað að breyta til,“ segir Jón Haukur en hann býr ásamt konu sinni, Dagnýju Elísu Þorsteinsdóttur og fjögurra ára dóttur þeirra í Ólafsvík. Nýja starfsstöð Sjóvá í Stykkishólmi verður opin mánudaga og miðvikudaga milli klukkan 9 og 15:30 og á föstudögum frá klukkan 09.00-15.00. „Ég mun síðan verða á flakkinu og hitta fólk og fyrirtæki eftir þörfum og verð með símann opinn en Sjóvá finnst mikilvægt að vera með aðila á svæðinu sem íbúar og fyrirtæki geta leitað til. Nauðsynlegt er að geta átt í mannlegum samskiptum um ýmis mál og geta treyst á að málin verði leyst,“ bætir Jón Haukur við þegar blaðamaður Skeessuhorns heyrði í honum hljóðið.

big



Jón Haukur við útibú Sjóvá í Borgarnesi þar sem hann var í starfsnámi í síðustu viku.

Ljósm. hig



Skrifstofa Sjóvá verður við Aðalgötu 10 í Stykkishólmi.

Ljósm. thr.

Tveir aðskildir þjóðarleikvangar verða í Laugardal

Óhætt er að segja að á mánudag hafi verið blásið í lúðra í Laugardalnum í Reykjavík. Þar komu saman forsætisráðherra, mennta- og barnamálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, borgarstjóri og forsvarsmenn Knattspyrnusambands Íslands og Frjálsíþróttasambands Íslands. Undirrituð var viljayfirlýsing um framtíðaruppbyggingu þjóðarleikvanga fyrir knattspyrnu og frjálsíþróttir í Laugardal. Með yfirlýsingunni er stefnt að uppbyggingu tveggja aðskilinna þjóðarleikvanga utanhúss í Laugardal, þar sem þegar er unnið að uppbyggingu þjóðarhallar fyrir innanhússíþróttir.

Laugardalsvöllur yrði þannig byggður upp sem knattspyrnuvöllur eingöngu, þar sem mögulegt yrði að leika stærstan hluta ársins, en nýr þjóðarleikvangur í frjálsíþróttum risi á nýjum stað í Laugardal.

Lagt er upp með að ríkið og Reykjavíkurborg leggja hvor um



Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra, Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, Einar Þorsteinnsson borgarstjóri, Þorvaldur Örylgsson formaður KSÍ, Frey Ólafsson formaður Frjálsíþróttasambands Íslands og Sigurður Ingi Jóhannsson fjármála- og efnahagsráðherra við undirritun viljayfirlýsingar á Laugardalsvelli á mánudaginn.

Ljósm. aðsend

sig allt að 250 milljónir króna til framkvæmdarinnar. Þjóðarleikvangur ehf., sem er í eigu ríkis-

ins, Reykjavíkurborgar og KSÍ, annast verkið.

mm

Heilsu- & lífsstílsdagar

29. ágúst–8. september

Allt að 25% afsláttur af 3.000 heilsu- og lífsstíls-
vörum og vegleg apptilboð á hverjum degi.

5. september
fimmtudagur



40%
afsláttur

deBron

6. september
föstudagur



35%
afsláttur

NOW D-vítamín

7. september
laugardagur



30%
afsláttur

Whole Earth

8. september
sunnudagur



35%
afsláttur

Vit-Hit

5. september
fimmtudagur



50%
afsláttur

Mangó
(2 í pk.)

6. september
föstudagur



50%
afsláttur

Vatnsmelóna
(kg)

7. september
laugardagur



50%
afsláttur

Bláber
(125 g)

8. september
sunnudagur



50%
afsláttur

Túrmerik
(125 g)

Heilsu- & lífsstílsdagar
29. ágúst - 8. september 2024

Jana heilsukokkur
Allir geta eldað



ALLT AÐ
**25%
AFSLÁTTUR**
AÐ APPTILBOÐ Á
HVERJUM DEGI

Krista ketó
Góð næring
breytir öllu.

Þorsteinn Rey og
Marteinn Urðvato: Nálægt náttúrunni

Stolt af íslensku
framleiðslu
MUNA vítamina

nettó



Afslátturinn birtist
sem inneign í appinu.
Sæktu appið og
byrjaðu að spara!



Skannið kóðann til
að lesa greinarnar
í blaðinu, skoða
tilboð og uppskriftir.

nettó



Sagaði í finger

VESTURLAND: Fram kemur í dagbók lögreglu að vinnuslys varð í Borgarnesi þegar einstaklingur sagaði í finger og hlaut viðkomandi aðhlyningu á heilsugæslustöð. Árekstur tveggja bifreiða varð á þeimur stöðum í umdæminu í liðinni viku, nærri Hvalfjarðargöngum og norðan Borgarness, án slysa á fólki í öllum tilvikum en nokkuð tjón urðu á bifreiðum. Árekstur bifreiðar og dráttarvélar varð á Snæfellsnesvegi í vikunni, minni háttar meiddli urðu á tveimur aðilum sem voru fluttir til aðhlyningar með sjúkrahúsi. -vaks

Breytingar á húsaleigulögum

LANDIÐ: Um nýliðin mánadagmót tóku gildi ný lög um breytingar á húsaleigulögum, en markmið þeirra er að bæta réttarstöðu leigjenda og auka húsnæðisöryggi. Með breytingunum er vísitölutenging styttri samninga óheimil, auk þess sem skilyrði eru sett fyrir því að leigjendur eða leigusalar geti farið fram á breytingar á leigufjárhæð. Einnig verður leigusali að kanna hvort leigjandi ætli að nýta sér forgangsrétt og verður honum óheimilt að segja upp ótímabundnum samningi án ástæðu. Breytingarnar taka til samninga sem gerðir eru eftir 1. september auk samninga sem verða endurnýjaðir eða framlengdir eftir það. Sjá nánar í tilkynningu á vef Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar; hms.is -mm



Vesturlandsdeild FKA heimsótti Hvammsvík í apríl á þessu ári, borðaði saman, skemmti sér með Helgu Brögu og fór í böðin. Ljósm. aat.

Konur fyrir konur - Öflugur félagsskapur Vesturlandsdeildar FKA

Aðalfundur Vesturlandsdeildar FKA verður haldinn fimmtudaginn 12. september næstkomandi klukkan 18 í Landnámssetrinu í Borgarnesi. FKA er félag fyrir konur sem eru ýmist stjórnendur, leiðtogar og/eða starfsmenn í íslensku atvinnulífi. Félagið vinnur með aðilum á vinnu- markaði, fyrirtækjum, félagsamtökum og hinu opinbera að því að efla og benda á þátt kvenna í stjórnnum eða stjórnunarstöðum í atvinnulífinu. Einkunnarorðin eru tengslanet, hreyfiafl og sýnileiki. Félagið stendur fyrir viðburðum, fræðslu, veitir ráðgjöf og knýr fram breytingar á lögum og venjum til að gæta jafnvægis og fjölbreytileika innan atvinnulífsins. Félagið var stofnað árið 1999.

Aldís Arna Tryggvadóttir formaður deildarinnar segir að allar konur í atvinnulífinu séu velkomnar á fund. „Þessi félagsskapur er svo mikilvægur er félagskonur eru boðnar og nýjar konur eru mjög velkomnar án skuldbindingar,“ segir Aldís. Markmið deildarinnar er að stuðla að samheldni og samvinnu kvenna og vera hreyfiafl fyrir konur í atvinnulífinu á Vesturlandi. Starf deildarinnar hófst árið 2018 og var stofnfundur haldinn í Stykkishólmi. Fjöldi félagskvenna þetta starfsár voru 53 konur en á landsvísi eru 1.500 konur skráðar. „Þetta er ótrúlega öflugur félagskapur og mikilvægur. Þetta eru



Frá viðburðinum „Sælustund í sveitinni“. F.v: Alexandra Ýr gjaldkeri, Íris Gunnarsdóttir ritari, Jóhanna Elva stjórnarkona, Þórdís Kolbrún fjármálaráðherra, Aldís Arna formaður og Rúna Björg varaformaður.

ekki bara konur sem eiga fyrirtæki heldur eru þetta konur í atvinnulífinu sem eru skráðar í deildina og viljum við sjá fleiri bætast í okkar góða hóp. Konur að styrkja konur, að stækka tengslanet sitt og að tengjast öðrum konum félagslega,“ nefnir Aldís Arna.

FKA hefur staðið fyrir ýmsum verkefnum til að knýja fram breytingar. Árið 2009 var fókusið að fjölga konum í stjórnnum. Fjölmíðlaverkefni FKA fór af stað 2013, ætlað að auka á sýnileika kvenna í fjölmiðlum og þannig má lengi telja. Áhersla stjórnar síðastliðað starfsár var að efla persónuleg tengsl enn frekar og auka sýnileika á samfélagsmiðlum. „Það eru konur frá öllu Vesturlandi í deildinni, við förum á viðburði til annarra landshluta og náum þar að kynnst fleiri konum í atvinnulífinu. Við höldum tvo stóra viðburði á síðastliðnu ári, einn í Hvammsvík og



Aldís Arna Tryggvadóttir formaður Vesturlandsdeildar FKA.

annan á Hvanneyri og voru þeir vel heppnaðir. Það er svo gaman þegar það er gaman og er mikilvægt fyrir konur að fjárfesta í sjálfum sér en ég myndi segja að þessi deild er gríðarlega mikilvæg og gefandi því að verðmæti eru í kvennastyrknum,“ segir Aldís að lokum.

big

Söfnun fyrir Fæðingar- sögur feðra

STYKKISH: Fæðingarsögur feðra er verkefni sem fór af stað á feðradaginn 2019. Verkefnið er í raun tvíþætt. Annars vegar er markmiðið að vekja athygli á hlutverki og þátttöku feðra í fæðingarferlinu og hins vegar er safnað fæðingarsögum frá feðrum sem nú stendur til að gefa út í bók. Sögurnar gefa innsýn í upplifun feðra af fæðingum barna sinna. Ísak Hilmarrson úr Stykkishólmi og kona hans, Gréta María Birgisdóttir ljósmóðir standa nú að söfnun inni á Karolínafund en hægt er að nálgast frekari upplýsingar inn á vefnum, karolínafund.com.

-big

Störfum fjölga í byggingariðnaði

LANDIÐ: Fyrirtækjum og starfsfólki fjölga hraðar í byggingariðnaði heldur en í öðrum atvinnugreinum, þrátt fyrir að hægt hafi á vextinum í atvinnugreininni á síðasta ári. Alls störfuðu 3,7% fleiri í byggingariðnaði í júní síðastliðnum heldur en í sama mánuði í fyrra, en á sama tíma fjölgaði starfsfólki í hagkerfinu í heild um 1,6% á sama tímabili. Þetta kemur fram á heimasíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Fjölgun starfandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð umfram það sem gerist í hagkerfinu í heild, endurspeglar skammtíma vísbendingar um að umsvif í byggingariðnaði hafi vaxið meira en í öðrum greinum í hagkerfinu síðustu tólf mánuði. Vísbendingar eru um að jarðhræringar og elds-umbrot á Reykjanesi í lok síðasta árs hafi aukið hvata verkataka til að klára framkvæmdir sem þegar hafði verið byrjað á.

-big

Ómönnuð loftför í september

MIÐIN: Eftirlitsmenn Fiskistofu munu fljúga ómönnuðum loftförum, drónum, til eftirlits í september og segir á heimasíðu Fiskistofu, að sjómenn og útgerðaraðilar eigi að kynna sér vel reglur og lög um stjórn fiskveiða. Kemur fram að óhætt sé að sleppa hlýra sem kemur í veiðarfæri og ef hann er lífvænlegur. Skyllt er sleppa beinhákarli, háfi og hámeri, ef lífvænleg eru. Heimilt er að sleppa lífvænlegri tindaskötu, sleppa á grásleppu sem fest í þorsfiskskanet. Heimilt er að sleppa lífvænlegum rauðmaga við hrognkelsaveiðar en komi lúða um borð í veiðiskip sem meðafli á umsvifalaust að sleppa lífvænlegri lúðu. Við línuveiðar skal sleppa allri lúðu með því að skera á taum línunnar en við handfæra- og sjóstangaveiðar á að losa lúðu varfærnislega af krókum eða skera á lykkju slóðans áður en lúðan kemur um borð.

-big

INNRETTINGAR Í ÖLL RÝMI HEIMILISINS

GKS

Funahöfða 19 | 110 Reykjavík | gks.is

Bókaðu tíma með hönnuði á gks.is eða í noona appinu og við hönnum eldhúsið, baðherbergið, fataskápana eða þvottahúsið í gegnum fjarbúnað!

Gulur september

Gulur september er samvinnuverkefni stofnana og félagsamtaka sem vinna saman að geðheilbrigði og sjálfsvígsvörnum. Á síðastliðnu ári var í fyrsta skipti heill mánuður tileinkaður þessu brýna málefni á Íslandi. Það er von undirbúningshópsins að Gulur september auki meðvitund samfélagsins um mikilvægi geðræktar og sjálfsvígsvörna og sé til merkis um kærleika, aðgát og umhyggju.

Haustið er valið fyrir átakið vegna þess að Alþjóðlegur forvarndagur sjálfsvíga er 10. september og Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn er 10. október. Lögð verður áhersla á slagorðin; „Er allt í gulu?“, „Er allt í gulu á þínum vinnustað?“ og „Er allt í gulu í þínum skóla?“ Í ár verður kynningarefni átaksins einnig þýtt á ensku og pólsku.

Árið 2023 var stigið stórt framfaraskref í sjálfsvígsvörnum þegar Lífsbrú, miðstöð sjálfsvígsvörna, varð til og föstu fjármagni frá heilbrigðisráðuneytinu var veitt ótímabundið til málaflöksins. Lífsbrú er starfrækt undir merkjum embættis landlæknis en markmið Lífsbrúar er að vinna að sjálfsvígsvörnum í samræmi við gildandi aðgerðaáætlun stjórnvalda til að fækka sjálfsvígum.

Að verkefninu standa fulltrúar frá: Embætti landlæknis, Geðhjálp, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Minningarsjóði Orra Ómarssonar, Píeta samtökunum, Rauða krossi Íslands, SÁÁ, Sorgarmiðstöð, Þjóðkirkjunni og Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu.

vaks

GULUR SEPTEMBER

Ef þér finnst lífið stundum ekki þess virði að lifa því, leitaðu þá hjálpar. Ef þú hefur áhyggjur af ástvinu/vini/vinnufélaga ræddu það við viðkomandi. Það hjálpar að deila líðan sinni með öðrum.

Staðreyndir

- Á Íslandi deyja árlega að meðaltali 39 einstaklingar í sjálfsvígi
- Yfir helmingur allra sjálfsvíga á sér stað fyrir 50 ára aldur
- Sjálfsvígstíðni er tvöfalt hærrí í heiminum meðal karla en kvenna
- Á heimsvísu deyja yfir 700.000 manna árlega í sjálfsvígi

Fimm leiðir að vellíðan

- Myndum tengsl
- Hreyfum okkur/verum virk
- Tökum eftir
- Hlökkum öðrum að læra
- Gefum af okkur

Er allt í gulu?

Það er hjálp að fá – höfum samband

- Símaráðgjöf Heilsuveru 1700 og netspjallið heilsuvera.is
- Hjálparlíni Rauða krossins 1717 og netspjallið 1717.is
- Píetasíminn 552-2218

Kjötframleiðsla jókst milli ára

LANDIÐ: Kjötframleiðsla hér á landi í júlí var samtals 1.966 tonn sem er 15% meiri framleiðsla en í júlí á síðasta ári. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Þar af var framleiðsla alifuglakjöts 19% meiri en fyrir ári, svínakjötsframleiðsla var 18% meiri og nautakjötsframleiðslan jókst um 4%. -big

Nýr félagsmálastjóri

REYKHÓLAHR: Hlíf Hrólfsdóttir hefur verið ráðin félagsmálastjóri Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps. Starfinu gegndi áður Soffía Guðrún Guðmundsdóttir. Hlíf er þroskaþjálfari og býr á Hólmavík þar sem hún hefur starfað um langt árabíl. -big



Aflatölur fyrir Vesturland

24. til 30. ágúst
Tölur (í kílóum)
frá Fiskistofu

Akranes: 2 bátar.
Heildarlöndun: 953 kg.
Mestur afli: Ebbi Ak 37: 638 kg í tveimur löndunum.

Arnarstapi: 1 bátur.
Heildarlöndun: 13.112 kg.
Mestur afli: Kristinn HU 812: 13.112 kg í tveimur löndunum.

Grundarfjörður: 6 bátar.
Heildarlöndun: 378.186 kg.
Mestur afli: Jóhanna Gísladóttir GK 357: 79.384 kg í einni löndun.

Ólafsvík: 9 bátar.
Heildarlöndun: 138.439 kg.
Mestur afli: Ólafur Bjarnason SH 137: 51.610 kg í fjórum löndunum.

Rif: 9 bátur.
Heildarlöndun: 209.018 kg.
Mestur afli: Tjaldur SH 270: 92.745 kg í einni löndun.

Stykkishólmur: 4 bátar.
Heildarlöndun: 23.991 kg.
Mestur afli: Bára SH 27: 10.538 kg í fimm löndunum.

Topp fimm landanir á tímabilinu

1. Tjaldur SH – Rif: 92.745 kg. 26. ágúst.
2. Jóhanna Gísladóttir GK – Grundarfj: 79.384 kg. 27. ágúst.
3. Sigurborg SH – Grundarfj: 63.861 kg. 26. ágúst.
4. Hringur SH – Grundarfj: 63.040 kg. 28. ágúst.
5. Farsæll SH – Grundarfj: 62.050 kg. 27. ágúst.

big



Stykkishólmur 2024

Bífreiðaskoðun (allar gerðir ökutækja) verður hjá Bílaverkstæðinu Dekk & Smur, Nesvegi 5

Miðvikudaginn 11. september
Fimmtudaginn 12. september

Lokað í hádeginu kl. 12.00 – 13.00

Tímamantanir í síma 438 1385

FRUMHERJI HF. – ÞEGAR VEL ER SKOÐAÐ
www.frumherji.is

Fréttaveita Vesturlands



SKESSUHORN
www.skessuhorn.is

Félagsmenn Stéttarfélags Vesturlands

Opinn fundur trúnaðarráðs

78. fundur Trúnaðarráðs Stéttarfélags Vesturlands verður haldinn í Alþýðuhúsinu miðvikudaginn 11. september kl. 20:00.

Dagskrá

1. Kjör 3ja manna uppstillingarnefndar
2. Kjör fulltrúa 46. þing SGS 16.–18. október
3. Staða kjarasamninga og veiting umboða
4. Önnur mál

Formaður

Stéttarfélag Vesturlands
Sæunnargata 2a • Borgarnes

SKESSUHORN 2024



Arný Huld og Ingibjörg sveitarstjóri við undirritun samnings um húsnæðið. Ljós. Reykhólahreppur.

Stefnir á að opna verslun og veitingasölu á Reykhólum

Arný Huld Haraldsdóttir og Reykhólahreppur hafa undirritað samning þess efnis að hún taki á leigu verslunarhúsnæðið á Reykhólum. Arný Huld mun hefja þar verslunar- og veitingarekstur og er stefnt að því að opna í október.

Boðið verður upp á heimilismat í hádeginu, viðburði og helstu nauðsynjavörur verða til sölu í versluninni. Þegar nær dregur verður auglýstur opnunartími. big

Matvælaráðherra heimsótti Hvanneyri

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir matvælaráðherra átti fund með starfsfólki Matís á Hvanneyri auk starfsfólks frá Landi og skógi og Matvælastofnun mánudaginn 26. ágúst. Var þetta liður ráðherra í að heimsækja stofnanir og fyrirtæki sem heyra undir hennar ráðuneyti en hún var á ferð um landið að heimsækja fleiri starfsstöðvar.

Tveir starfsmenn Matís eru með aðstöðu á Hvanneyri en í sama húsnæði eru fjölbreyttar stofnanir og fyrirtæki og ræddi ráðherra einnig við starfsfólk þeirra. big



Starfsfólk ásamt matvælaráðherra.

Ljós. matis.is



Grundarfjarðarbær

Viltu verða leikskólastjóri eða bæjarverkstjóri í Grundarfirði?

Vilt þú taka þátt í skemmtilegri uppbyggingu með okkur?

Í Grundarfirði búa tæplega 900 manns, náttúra og umhverfi eru einstök og alla helstu grunnþjónustu er að finna á svæðinu. Metnaðarfullar framkvæmdir eru í gangi um uppbyggingu á gönguvænu umhverfi, blágrænum regnvatnslausnum og á opnum svæðum í bænum. Unnið er að innleiðingu barnvæns sveitarfélags, unnið eftir nýrri menntastefnu bæjarins frá 2023 og áætlun með skýrum viðmiðum um gæði skólastarfs.

Bæjarverkstjóri

Við leitum að metnaðarfullum og drífandi stjórnanda sem er tilbúinn að leiða umhverfisframkvæmdir bæjarins og taka þátt í spennandi endurnýjun innviða á komandi árum, ekki síst í gatna- og fráveitumálum.

Starfssvið

Bæjarverkstjóri starfar í þjónustumiðstöð bæjarins og stýrir daglegum rekstri og stjórnun í þjónustumiðstöð, s.s. viðhaldi gatna- og umferðarmannvirkja, fráveitumannvirkja, umhirðu opinna svæða, vetrarþjónustu, bæjargirðinga, efnistöku o.fl. Hann sér um ýmiss konar þjónustu og skal sjá til þess að sem best tengsl séu við aðrar stofnanir bæjarins, íbúa, verktaka og aðra sem samskipti eiga við þjónustumiðstöð. Bæjarverkstjóri, ásamt öðru starfsfólki þjónustumiðstöðvar, gegnir mikilvægu hlutverki í að umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins sé til fyrirmyndar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Annað nám sem nýtist í starfi, reynsla af verkstjórn, viðhaldi eða verklegum framkvæmdum er skilyrði
- Reynsla af rekstri, stjórnun og mannaforráðum er kostur
- Bílpróf er skilyrði, vinnuvélaréttindi eru kostur
- Frumkvæði, metnaður til að gera vel, þjónustulund og sjálfstæði ásamt góðum samskiptahæfileikum eru skilyrði
- Færni í að tjá sig á íslensku, í töluðu og rituðu máli, er skilyrði
- Almenn tölvukunnátta er skilyrði

Um 100% starf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launkjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðeigandi stéttarfélag.

Skólastjóri Leikskólans Sólvalla

Við leitum að metnaðarfullum og drífandi stjórnanda sem er tilbúinn að leiða virka skólaþróun og faglegt starf með áherslu á framþróun, lausnaleyti og styrkingu leikskólastigsins í samvinnu við skóla- og nærsamfélagið.

Á Leikskólanum Sólvöllum eru nú um 40 börn á aldrinum 12 mánaða til 4 ára. Sérstök fimm ára leikskóladeild er rekin undir Grunnskóla Grundarfjarðar og er samstarf gott á milli skólanna.

Spennandi skólaþróun

Leikskólinn hefur í samstarfi við Ásgarð skólaráðgjöf unnið að uppbyggingu innra starfs, stjórnun og mótun skólanámskrár og hefur leikskólastjóri góðan aðgang að styrkri ráðgjöf og handleiðslu frá ráðgjöfum Ásgarðs. Unnið er í samræmi við nýja menntastefnu bæjarins (2023) og þriggja ára innleiðingaráætlun þar sem sett voru skýr viðmið um gæði skólastarfs.

Starfssvið

Leikskólastjóri hefur faglega forystu um kennslu og þróun skólastarfs, stýrir og ber ábyrgð á daglegum rekstri, mannauð og starfsemi leikskólans. Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Grundarfjarðarbæjar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Kennaramenntun (leyfisbréf) og kennslureynsla er skilyrði
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar- og/eða menntunarfræða er kostur
- Reynsla af rekstri, stjórnun og stefnumótun er kostur
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í mannlegum samskiptum og þverfaglegu starfi er skilyrði
- Færni í að tjá sig á íslensku, í töluðu og rituðu máli, er skilyrði

Um 100% starf er að ræða og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur þurfa að hafa hreint sakavottorð skv. ákvæðum laga sem um starfið gilda.

Nánari lýsingu starfa er að finna á [www.grundarfjordur.is](#)

Umsóknarfrestur um bæði störfin er til og með 15. september 2024.

Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri, í síma 430 8500 eða með því að senda fyrirspurnir á [bjorg@grundarfjordur.is](#). Umsóknir sendist einnig á framangreint netfang.

Umsóknum um starfið skal fylgja greinargott yfirlit um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi telur máli skipta og varpað getur ljósi á færni hans til að sinna starfinu.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga fagnaði 20 ára afmæli

Fjölbrautaskóli Snæfellinga var settur í fyrsta sinn 30. ágúst árið 2004. Markaði skólaásetningin tímamót þar sem þetta var fyrsti framhaldsskólinn á Snæfellsnesi. Skólinn þótti framúrstefnulegur á sínum tíma og innleiddi nýja kennsluhætti og aðferðir. Föstudaginn 30. ágúst síðastliðinn var tuttugu ára afmæli skólans fagnað. Margt var um manninn í veislunni og komu fyrrum starfsmenn, nemendur og aðrir velunnarar skólans í tilefni af þessum merka áfanga. Fjölmarginir stígu í pontu ásamt því að flutt var tónlistaratriði.

Það voru starfsmenn skólans sem sáu nær alfarið um að undirbúa veisluna og til dæmis flutti þýskukennarinn tónverk á flygil, fjármálastjórinn og námsráðgjafinn sáu um veitingarnar, íþróttakennarinn sá um veislustjórn og svo framvegis. Fyrir hádegi var opið hús í skólanum og þar mættu gestir og gangandi og kynntu sér starfsemi skólans. Þar var verið að mæla blóðsykur, kryfja rjúpu og margt fleira áhugavert í gangi. Þá kíktu nemendur af unglíngastigi Grunnskóla Grundarfjarðar í FSN og skoðuðu sig um.

tfk



Gunnar Smári Ragnarsson nemandi í 7. bekk Grunnskóla Grundarfjarðar er hér að kryfja rjúpu og skoða involsið úr henni.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir þingmaður Viðreisnar og fyrrum menntamálaráðherra og Guðbjörg Aðalbergsdóttir fyrsti skólameistari Fjölbrautaskóla Snæfellinga.



F.v. Þórhildur Eypórsdóttir, Ragnar Ingi Sigurðsson, Lárus Ástmar Hannesson, Bjarni Jónsson og Jón Bjarnason.



Davíð Svanur Hafþórsson útskrifaðist úr skólanum síðasta vor en hann mætti og tók lagið fyrir gesti.



Loftur Árni Björgvinsson kennari er hér með nemendum að prófa fallvarnir fyrir hrá egg en egginn þurftu að koma ósködduð úr þriggja metra falli á hart gólf.



Bæjarstjórnir á Snæfellsnesi færðu skólanum veglega gjöf frá Jeratúni ehf. F.v. Kristinn Jónasson bæjarstóri í Snæfellsbæ, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar og Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson bæjarstjóri Sveitarfélagsins Stykkishólms.



Núverandi skólameistari FSN ásamt tveimur fyrrverandi skólameisturum. F.v. Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Guðbjörg Aðalbergsdóttir og Jón Eggert Bragason.

Gamli þjóðvegurinn orðinn renniléttur á ný

Nú er lokið malbikun gamla þjóðvegarins inn á Akranes, frá Kalmanstorgi við Esjubraut og að Hausthúsatorgi. Gatan á þessum kafla hefur verið óslétt um alllangan tíma, en er nú orðin rennilétt og fín. Framkvæmdin var á vegum Akraneskaupstaðar en verktakinn var Fagurverk ehf.

mmm



KYNNINGARTILBOÐ

Á FULLBÚNU HEILSÁRSHÚSI - MODEL SKARA 64 - 64,4 m²

Húsið er unnið úr umhverfisvænum efnum og hentar vel fyrir íslenskar aðstæður.



MODEL SKARA 64,4 m² + verönd

Listaverð kr. 32.900.000 m/vsk

Tilboðsverð: kr. 31.900.000 m/vsk

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.



45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

HEILSÁRSHÚSIN henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HEILSÁRSHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

www.volundarhus.is



KYNNINGARTILBOÐ

Á FULLBÚNU HEILSÁRSHÚSI - MODEL NORD PLUS - 36,7 m²

Húsið er unnið úr umhverfisvænum efnum og hentar vel fyrir íslenskar aðstæður.



MODEL NORD PLUS + verönd

Listaverð kr. 14.500.000 m/vsk

Tilboðsverð: kr. 13.900.000 m/vsk

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar og í síma 864 2400.



45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

HEILSÁRSHÚSIN henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HEILSÁRSHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

www.volundarhus.is





Súrir og svektir drengir á loftlausum hoppubelg.

Ljósmynd. vaks

Skemmdarverk á hoppubelg

Það var ekki skemmtileg aðkoman á hoppubelgnum við Akraneshöllina í síðustu viku þegar í ljós kom að búíð var að skera göt á hann á nokkrum stöðum og hann því loftlaus með öllu. Þessi ærslabelgur hefur notið mikilla vinsælda meðal barna og unglinga á undanförunum árum og því leiðinlegt þegar ekki er hægt að nota hann vegna svona skemmdarverka. Á vef bæjarins kemur fram að kalla þurfi í viðgerðamann frá Reykjavík og er svona viðgerð óhemju kostnaðarsöm. „Þetta er virkilega slæmt og mikill missir af belgnum því núna eru skólabörn að fara í sína útiveru og svæðið sömuleiðis vel nýtt af krökkum í góðviðrinu eftir skóla og um helgar.“

Hoppubelgurinn á Merkurtúni hefur einnig orðið fyrir barðinu á skemmdarvörgum í sumar og þó nokkur skipti sem hann hefur verið skemmdur. Ekki er vitað hverjir

voru að verki í öllum þessum tilfellum en þeir bera augljóslega ekki neina virðingu fyrir eignum annarra. Svo er bara að vona að belgurinn verði lagaður sem fyrst svo hann komist í notkun á ný flestum til gleði og ánægju.

vaks



Búíð er að skera eitt stórt gat á belginn og nokkur önnur minni.

Dreifing á ruslatunnum gengur vel í Snæfellsbæ

Vel hefur gengið að dreifa nýjum ruslatunnum til íbúa vegna innleiðingar á nýju flokkunarkerfi sorps í Snæfellsbæ. Búíð er að dreifa nýjum sorptunnum á Hellissandi, í Rífi og Ólafsvík. Dreifing á ruslatunnum í dreifbýli Snæfellsbæjar hefjast í þessari viku.

Fram kemur á FB síðu Snæfellsbæjar að nú þegar öll heimili í þéttbýlinu eru komin með nýja tunnu eru íbúar hvattir til að byrja að flokka samkvæmt nýja kerfinu. Þó er vakin athygli á að næsta losun verður hins vegar blönduð þar sem öll heimili fengu ekki nýja tunnu á sama tíma.

Mínnt er á að upplýsingabæklingur, pokar fyrir matarleifar og karfa fyrir poka undir matarleifar



Starfsmenn að dreifa ruslatunnum til íbúa.

Ljósmynd. Snæfellsbæ

er að finna í nýju ruslatunnunni. Einnig er hægt að finna helstu upplýsingar og upplýsingabæk-

ling á rafrænu formi á heimasíðu Snæfellsbæjar.

vaks

Dilkaslátrun hófst í Borgarnesi í síðustu viku

Sauðfjárslátrun hér á landi hófst í síðustu viku þegar slátrað var fyrstu lömbunum hjá Sláturhúsi Vesturlands í Brákarey. Með þessu móti er komið á mótis við þá bændur sem hafa aðgang að fé sem ekki er á afrétti en einnig kaupendur sem vilja geta keypt kjöt af nýslátruðu. Hjá stóru sláturhúsunum hefst dilkaslátrun á næstu dögum. Hjá Kaupfélagi Skagfirðinga til dæmis verður fyrsti sláturdagur í dag, 4. september. Sláturfélag Suðurlands áætla að hefja sauðfjárslátrun 10. september og ljúka slátrun 31. október.

Næsti sláturdagur dilka er svo fyrirhugaður í Borgarnesi fimmtudaginn 5. september. Þeim bændum sem vilja nýta sér þjónustuna er bent á netfangið slaturhus@slaturhus.is.

mm



Réttir á Vesturlandi í haust

Líkt og undanfarin ár taka starfsmenn Bændablaðsins saman upplýsingar um réttir á landinu í haust. Listinn var birtur í blaði þeirra sem kom út í síðustu viku. Réttir á Vesturlandi verða samkvæmt því:

DALIR:

- Brekkurétt í Saurbæ, Dal. Sunnudagana 15. sept. kl. 11.00 og 29. sept. kl. 13.00
- Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. Sunnudagana 15. sept. kl. 14.00 og 29. sept. kl. 14.00
- Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. Sunnudaginn 15. sept. og laugardaginn 28. sept.
- Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. Sunnud. 15. sept. kl. 12.00 og laugard. 28. sept. kl. 16.00
- Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð. Sunnud. 15. sept. kl. 10.00, mánudag. 23. sept. og sunnud. 29. sept.
- Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. Laugardagana 14. og 28. sept.
- Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal. Laugardaginn 7. sept.
- Ósrétt á Skógarströnd, Dal. Föstudaginn 4. október kl 10.00
- Skarðsrétt, Skarðsströnd, Dal. Sunnudagana 15. sept. kl. 11.00 og 29. sept. 14.00
- Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. Sunnud. 15. sept. kl. 11.00 og 29. sept. kl. 13.00
- Tungurétt á Fellsströnd, Dal. Föstudaginn 13. sept.

- Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. Laugard. 21. sept. kl. 13.00 og sunnud. 13. október kl. 13.00

SNÆFELLSNES:

- Langholtsrétt í Eyja- og Miklaholtshr. Vantar upplýsingar
- Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr., Snæf. Sunnudaginn 22. sept.
- Hrafnkelsstaðarétt í Grundarfirði. Laugardaginn 21. sept.
- Mýrar í Grundarfirði. Laugardaginn 21. sept.
- Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. Laugardaginn 28. sept.
- Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. Laugardaginn 28. sept.
- Klofningsrétt í Beruvík, Snæf. Bara leitir
- Ólafsvíkurétt í Ólafsvík, Snæf. Laugardaginn 21. sept.
- Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rífi, Snæf. Laugardaginn 21. sept.
- Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. Laugardaginn 28. sept.
- Arnarhólsrétt í Helgafellssveit. Sunnudaginn 22. sept.

BORGARFJ, MÝRAR OG KOLBEINSST.HR:

- Núparétt í Melasveit. Fyrri rétt er sunnudaginn 8. sept. kl. 13.00, seinni rétt laugardaginn 22. sept.
- Reynisrétt undir Akrafjalli, Hvalfjarðarsveit. Laugardaginn 21. sept.
- Svarthamarsrétt á Hvalfj. str.



Hér er Fellsendarétt í Dölum við það að hefjast og fólk að komast í girinn. Það er ágætt að staðsetja sig hátt uppi til að meta aðstæður, áður en alvara réttarstarfanna hefst. Ljósmynd. úr safni/bj.

- Sunnudagana 15. sept. kl. 10.00 og 29. sept.
- Hornsrétt í Skorradal. Sunnudaginn 8. sept.
- Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. Sunnudagana 15. sept. og 29. sept.
- Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. Laugardaginn 14. sept. og sunnudaginn 15. sept.
- Grímsstaðarétt á Mýrum. Þriðjud. 17. sept., föstud. 20. sept. og laugard. 7. október

- Hítardalsrétt í Hítardal. Mánud. 16. sept, önnur rétt laugard. 28. sept. og þriðja laugardaginn 12. október
- Kaldárþakkarétt í Kolbeinsstaðahreppi. Sunnudaginn 8. sept.
- Mýrdalsrétt í Hnappadal. Sunnudagana 22. sept. og 13. október
- Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr. Laugardaginn 7. sept.
- Rauðgilsrétt í Hálsasveit,

- Borg. Sunnudagana 22. sept. og 6. október
- Svignaskarðsrétt, Svignaskarði. Mánudaginn 16. sept., seinni 30. sept.
- Þverárrétt í Þverárhlið, Mýr. Mánudaginn 16. sept., sunnudaginn 22. sept.
- Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal. Miðvikudaginn 11. september.

mm



NÝJAR LÓÐIR VIÐ SUÐURGÖTU OG Í SKÓGARHVERFI Á AKRANESI

Akraneskaupstaður auglýsir til umsóknar íbúðarhúsalóðir á Suðurgötu og í Skógarhverfi. Upplýsingar er að finna á 300akranes.is, m.a. deiliskipulag og skipulagsskilmála, mæliblöð og áætluð gjöld.

Lóðir í Skógarhverfi:

- Tjarnarskógar (áfangi 5) – sex einbýlishúsalóðir og tvær raðhúsalóðir. Lóðirnar eru byggingarhæfar.
- Skógarlundur (áfangi 3A) – ein einbýlishúsalóð, nú þegar byggingarhæf.
- Skógarlundur (áfangi 3C) – fjórtán einbýlishúsalóðir, átta raðhúsalóðir og tvær fjölbýlishúsalóðir. Gert er ráð fyrir að lóðirnar verði byggingarhæfar í árslok 2024.

Lóðir við Suðurgötu:

- Fjórar lóðir, þrjár fyrir tvíbýli og ein fyrir fjórbýli. Lóðirnar eru byggingarhæfar.



Um úthlutun lóða gilda **Reglur um úthlutun lóða**. Séu umsækjendur um ákveðna lóð fleiri en einn verður dregið um úthlutun hennar. Sérstakur úthlutunarfundur verður í bæjarráði 26. september næstkomandi.

Umsækjendur sækja um lóð í gegnum www.300akranes.is. Við val á ákveðinni lóð á kortinu, birtast upplýsingar um hana, s.s. lóðarstærð, nýtingarhlutfall, hámarksbyggingarmagn o.fl. Til að sækja um tiltekna lóð er „Smelltu hér til þess að sækja um lóð“ valið, sem með rafrænni auðkenningu opnar inn á forskráð umsóknareyðublað í íbúagátt Akraneskaupstaðar. Þar er lokið við að fylla út umsókn um lóðina.

Vakin er athygli á því að afrit af kvittun fyrir greiðslu umsækjanda frá reikningi hans á umsóknargjaldi þarf að fylgja með umsókn. Umsóknarfrestur er til og með fimmtudeginum 5. september 2024.



Nemar hlaða grjótvegg við Hreppslaug

Nemendur í landslagsarkitektúr við LbhÍ á Hvanneyri voru nokkuð ánægðir með handverk sitt þegar blaðamaður Skessuhorns hitti á hópinn ásamt leiðbeinandanum Unnsteini Elíassyni við Hrepps-laug í Skorradal. Hleðslan er liður í byggingafræðiafanga við skólann þar sem nemendur hljóta meðal annars þjálfun í aðferðum við landmótun og gerð skrúðgarða. Notast hefur verið við Hrepps-laug til kennslu undanfarin þrjú ár og

var fyrsti veggurinn hlaðinn við bílastæði laugarinnar en í fyrra og í ár er hlaðið milli laugarinnar og skóglendis ofan við hana. Hópurinn lauk við verkefnið í vikunni sem leið. Hrepps-laug í Skorradal er mannvirki sem Minjastofnun friðlýsti árið 2014. Laugin er í eigu Ungmennafélagsins Íslendinga og verður hún opin fram eftir hausti. Þar er nýtt laugarhús og aðstaða fyrsta flokks.

big



Nemendur stilltu sér upp. Unnsteinn ásamt Margréti Ágústu, Hólfríði Guðmundsdóttur, Birtu Dís, Huldu Hjartardóttur, Ingibjörgu Lilju, Lönu Dungal og Kristófer Andersen.



Nemendur að störfum við nýjan vegg.



Unnsteinn Elíasson hleðslumeistari situr á verkefni síðasta árs.



Fyrsti veggurinn sem hlaðinn var í þessu verkefni.

RÁÐGJAFI Á VESTURLANDI með starfsstöð á Akranesi og Borgarnesi



VIRK leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf ráðgjafa. Um er að ræða mjög krefjandi, fjölbreytt en jafnframt gefandi starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Umsækjendur þurfa að hafa víðtæka reynslu og þekkingu á einstaklingsráðgjöf og atvinnulífi. Um fullt starf er að ræða en hlutastarf kemur einnig til greina. Skilyrði er heilbrigðismenntun og starfsleyfi frá landlækni auk mjög góðrar kunnáttu í íslensku. Starfsstöð er á Akranesi og í Borgarnesi en þjónustuvæði er Vesturland.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánú samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði
- Samskipti við stéttarfélag og atvinnurekendur

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda og starfsleyfi frá landlækni, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Hreint sakavottorð
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **11. september 2024.**

Umsóknir óskast fylltar út á alfred.is

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á skýran hátt er gerð grein fyrir af hverju sótt um starfið og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

Nánari upplýsingar veitir

Sólmundur Már Jónsson, mannauðsstjóri - solmundur@virk.is





EKKI ÓTTAST RIGNINGUNA

Lindab þakrennur eru bæði
endingargóðar og fallegar

- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Auðvelt í uppsetningu.
- Fjölbreytt úrval lita í boði.
- Allar helstu einingar á lager.

Skoðaðu úrvalið

Tóku að sér æðarfugl í fóstur

Kærustuparið Aron Snær Einarsson og Dalrós Líf Richter frá Akranesi eru stoltir fósturforeldrar æðarfugls sem þau hafa haft hjá sér undanfarninn einn og hálfan mánuð. Bláðamaður Skessuhorns hitti á þau á Langasandi í liðinni viku og fékk að heyra söguna og fylgjast með þeim fara út í sjó með fuglinn, sem þau nefna Dúdú, til að gefa honum að borða og taka hann í smá sundsprett.

Hefði endað sem fúlegg úti í fjöru

En hvernig hófst þessi saga? Dalrós Líf segir að fyrir 44 dögum hafi þau verið að láta hundinn hennar hlaupa og hreyfa sig í fjöru rétt hjá álverinu á Grundartanga. „Ég sá nokkur hreiður sem voru öll tóm og ungarnir í kring voru allir nánast fullvaxnir. Svo var eitt hreiður með þremur eggjum þar sem engin mamma var sýnileg í kring. Æðarfuglavörp koma í bylgjum þannig að það var furðulegt að þetta var eina hreiðrið eftir með egg. Ég ályktaði að eitthvað hefði verið að eggjunum svo ég ákvað að taka eitt af þremur eggjunum með heim til mín og skilja hin tvö eftir ef mamma væri enn á svæðinu. Ég náði síðan að láta þetta egg ungast út en unginn kom þremur dögum of seint svo það þurfti að hjálpa honum mjög mikið með flísatöng. Ég þurfti að opna eggjinn fyrir hann af því að eggjahimnan var þreföld. Eggjahimnan á að vera eins og að stinga tannstöngli í gegnum klós-

ettpappír en hans himna var eins og að brjóta saman covid grímu í tvennt, pússa niður tannstöngul og reyna svo að stinga í gegn, það bara gekk ekki. Systir mín fór svo og kíkti á hin tvö eggin í hreiðrinu. Annað eggjinn hafði klakist út en hitt var kalt og yfirgefið. Hún tók það heim og spurði mig hvort það væri lifandi. Þegar ég sagði henni að það væri það ekki þá krufði hún eggjinn varlega með flísatöng. Unginn var full stálpaður en hafði ekki náð að komast í gegnum himnuna og dó þess vegna í egginu. Eggjinn okkar hefði líka endað sem fúlegg úti í fjöru ef við hefðum ekki ákveðið að taka það heim.“

Á erfitt með að vera einn heima

Aron Snær kemur inn í samtalið og nefnir að Dalrós Líf hefði sofði ansi lítið á þeim tíma sem unginn var að koma úr egginu og Dalrós Líf tekur undir það: „Ég var ekki með útungunarvél svo ég gekk með eggjinn inn á mér fyrir hitann og ég hef eiginlega ekki sofði almennilega síðan þetta gerðist, eða í yfir mánuð. Þetta er eins og að vera með lítið barn, hann þarf að synda, það þarf stundum að skera niður matinn fyrir hann, hafa hann í bleyju, hleypa honum út, leika við hann, baða hann og gefa honum nóg af athygli.“

En hvernig er venjulegur dagur hjá honum þessa dagana? „Það er erfitt fyrir hann að vera einn heima, hann vill ekki vera í hundabúri og



Dalrós Líf og Aron Snær með æðarfuglinn Dúdú.

Ljós. vaks



Dalrós Líf að reyna að koma Dúdú í sjóinn á Langasandi.

Ljós. vaks



Dalrós Líf og Dúdú að viðra sig.

Ljós. aðsend




Eiga nú sjö ára stöðufmæli á bílastæðinu

Þessir tveir bílar, af Honda og Peugeot gerð, hafa staðið líkt og yfirgefnir tvíburar á bílastæði við fjölbýlishúsið Garðabraut 2a á Akranesi í hvorki meira né minna en sjö ár. Hefur það vakið furðu að eigendur þeirra kjósa að láta þá eiga sig fremur en að skila þeim til endurvinnslu og fá greitt 30 þúsund króna skilagjald fyrir.

Bílarirnir hafa eðli málsins samkvæmt verið íbúum í húsinu til ama. Reynt hefur verið að leita til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands en þar fengust þau svör að svo lengi sem ekki er starfandi húsfélag í viðkomandi fjölbýlishúsi, geti eftirlitið

ekkert aðhafst. Beiðni um að bílhræ verði fjarlægð þurfi að koma frá húsfélagi. Lögregla hefur ítrekað sett miða á bílrúður til að hvetja eigendur til úrræða, en því ekki verið sinnt og lettrið á miðunum fyrir löngu af máð. Vísending er um að eigandi Peugeot bílsins sé knattspyrnuáhugamaður í ljósi þess að í aftursæti bílsins liggur bókin Pepsi-deildin 2017. Ártal bókarinnar gefur einnig vísendingu um þann tíma sem bílarnir hafa staðið þarna. Íbúar í Garðabraut 2a skora á eigendur bílanna að fjarlægja þá hið snarasta.

////



fær enga ró þar. Það var pöntuð bleyja fyrir hann svo hann gæti verið heima frjálst á gólfinu með hundinum og kettinum sem eru hin heimilisdýrin og honum finnst það vera mun betra. Það var einnig reynt að hafa hann inni í hænsnakofanum fyrstu dagana en það gekk ekki alveg upp því hænurnar goggudu bara í hann. Hann á erfitt með að vera einn, hann er vanur að vera mikið með öðrum og hann saknar mín ef ég er í burtu. En ég reyni að kíkja á hann í pásam í skólanum þegar ég get,“ segir Dalrós Líf.

Dekraður í drasl

Hvað sjáið þið fram á að hann verði lengi hjá ykkur? „Hann er kominn með aðskilnaðarkvíða, segir Dalrós Líf, og það hefði verið best að sleppa honum þegar hann var yngri, sem við reyndum nokkrum sinnum en hann vildi ekki fara frá okkur. Meðalævi æðarfugla er 15-20 ár en það hefur frést af fimm tugri æðarkollu. Ég sé bara ekki fram á það að hann vilji fara.“

En þegar þið farið með hann í sjóinn eins og núna, eruð þið þá að reyna að sleppa honum? „Ég fór með hann um daginn á Langasand við klettana úti við sjóinn þar sem var fullt af æðarfugli. Ég fór með hann að þeim til að sjá hvað hann myndi gera en hann hafði engan áhuga á þeim og var bara hjá mér að leika sér að kafa.“ Aron Snær bætir við að það sé búíð að dekra Dúdú í drasl, hann veiði ekki oft matinn sinn sjálfur og oftast er allt gert fyrir hann. „En það er verið að reyna að kenna honum allavega. Við förum stundum með hann út á bryggju og hleypum honum þar út

í sjó á meðan við veiðum fyrir hann. Svo förum við með hann út í fjöru svo hann geti farið í polla og veitt síli og ýmislegt annað.“


Stelst í hundamatinn

Hvað eruð þið að veiða fyrir hann? „Við erum að veiða krabba, snigla, rækjur, marflær, þorska, seiði, síli, kræklinga, hrúðurkarla og eiginlega bara allt í sjónum, nema marhnút, kola, krossfisk og marglyttur. Svo fær hann líka flugur, köngulær, orma, snigla, grápöddur, margfætlur, lirfur og mjölorma en hann veiðir það mest sjálfur. Svo finnst honum afskaplega gott að stelast í hundamatinn,“ segir Dalrós Líf. „Hann er núna um 30 cm á lengd og verður 50-71 cm fullvaxinn. Hann er ekkert auðveldur, hann þarf að borða tvisvar sinnum líkamsþyngd sína á dag á meðan hann er að vaxa og hann er í kringum tvö kíló. Svo þarf hann stundum mjög mikla athygli, annars er hann með stanslaus læti.“

En hvernig kemur honum saman við hundinn og köttinn á heimilinu? „Ef hundurinn kemur of nálægt, goggar unginn í hann. Þegar Aron Snær hleypir sínum hundi og unganum út í garð hleypur hundurinn í burtu af því að unginn hleypur á eftir honum. Kötturinn fylgist mikið með unganum og reynir reglulega að hlaupa að honum en fer aldrei of nálægt af því að hann er hræddur við ungan.“

Fer stundum í fylu

Dalrós Líf heldur dagbók þar sem hún skráir daglegar breytingar á



Hreiðrið með eggjunum þremur.

Ljós. aðsend

ungunum. Ekki er enn vitað hvort um karl- eða kvenfugl er að ræða en Dalrós Líf segir að það verði ekki hægt að kyngreina hann fyrr en í fyrsta lagi í vetur. „Hann fer stundum í fylu út í mig ef ég set hann niður og reyni að láta hann gera eitthvað sjálfur eins og til dæmis að borða mat. Svo er kannski fólk að labba fram hjá og þá hleypur hann að þeim og vill láta halda á sér. Það er mjög gaman að þessu en þetta er mjög bindandi að hafa fugl heima hjá sér. Hann er þessa dagana að byrja að læra að fljúga. Og kannski verður hann einn daginn búinn að fljúga frá okkur en mér finnst það mjög ólíklegt. Við þurfum líklega að fara með hann upp í sveit til að kenna honum að fljúga svo hann klessi ekki á bíl eða eitthvað. Annars verður bara að koma í ljós hvernig þetta fer en við munum gera okkar besta í uppeldinu þangað til,“ segja þau Dalrós Líf og Aron Snær að lokum.

vaks



Verðlaunamynd Jóhönnu Marínar.

Jóhanna Marín með bestu myndina

Menningar- og markaðsnefnd kynnti í vikunni sem leið sigurvegara í Ljósmyndasamkeppni Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2024 þar sem þema keppinnar var Hvalfjarðarsveit. Ljósmyndin sem bar

sigur úr bítum var tekin af Jóhönnu Marín Óskarsdóttur og voru henni afhent vegleg verðlaun, frá Sláturfélagi Suðurlands, af formanni og varaformanni nefndarinnar.

vaks



Birkir Snær Guðlaugsson formaður, Katrín Líf Vignisdóttir, Jóhanna Marín og Elín Ósk Gunnarsdóttir varaformaður. Ljós. hvalfjarðarsveit

YAMAHA GRIZZLY FJÓRHJÓL

— Lítið notuð hjól á tilboðsverði!

Afsláttur frá 350.000 - 890.000 kr.

Þjóðum nokkur notuð Yamaha Grizzly fjórhjól og Yamaha Wolverine buggy bíla á tilboðsverði í lok september með 5 ára ábyrgð og 10 ára ábyrgð á drifreim.

EKKI MISSA AF ÞESSU!
hafðu samband og kynntu þér málið

GÖTUSKRÁÐ,
HVÍT NÚMER

RAFMAGNSTÝRI

KRÓKUR,
DRÁTTARGETA
680 KG

WARN SPIL
AD FRAMAN

ULTRAMATIC SJÁLFSKIPTING
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á REIM,
5 ÁRA ÁBYRGÐ Á HJÓLI

HÁTT OG LÁGT DRIF
OG DRIFLÆSINGAR

EINUNGIS 315 KG
MED BENSÍNI OG OLÍUM



YAMAHA Á ÍSLANDI

Kletthálsi 3, 110 Reykjavík
S 540 4980 | www.yamaha.is

Umboðsaðili



Fréttaveita Vesturlands



SKESSUHORN

www.skessuhorn.is

Walk-in N

Öryggi og vellíðan



Stílhrein sturta

Sturtubotn
fáanlegur í mörgum
stærðum og litum

Sturtuveggur
með væng úr 8 mm
hertu öryggisgleri

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

Síðumúli 16-18 | 588 73 32 | i-t.is
Mán - fös 9-17 | Lau 11-14

ÍPRÓTTAMAÐUR VIKUNNAR

Þarf ansi mikið til þess að verða stressaður

Nafn: Arnar Geir Diego Ævarsson
Fjölskylduhagur? Ég er giftur henni Guðrún Svönu Pétursdóttur og eigum við saman þrjú börn.

Hver eru þín helstu áhugamál? Skotfimi, Skotfélag Snæfellsness og allt sem því tengist, skotveiðar, PRS Iceland samfélagið eins og það leggur sig og jú að sjálfsögðu fjölskyldan og vinirnir.

Hvernig er venjulegur dagur hjá þér um þessar mundir?

Dagarnir hjá mér um þessar mundir einkennast af vinnu og undirbúningi fyrir næsta mót, en þess má geta að ég er að fara á heimsmeistaramótið í PRS skotfimi sem keppandi núna 11.-

15. september sem haldið verður í Grand Junction í Colorado í Bandaríkjunum og verð ég þar í hópi með allra færustu íþróttaskotmönnum heims.

Hverjir eru þínir helstu kostir og gallar? Minn helsti kostur er sennilega sá að það þarf ansi mikið til þess að ég verði eitthvað stressaður og ég reyni alltaf að gera allt vel sem ég geri. Minn helsti galli er sennilega sá að ef ég fæ áhuga á einhverju að þá fæ ég svo rosalegan áhuga að ég fer alltaf alla leið inn og allt annað gleymist.

Hversu oft æfir þú í viku?

Ég reyni að fara út á skotsvæði allavega tvisvar í viku en svo er



Arnar Geir Diego að munda gikkinn.

Ljós. G. Kristinsson.

líka fullt af klukkutímum sem fara í endurhleðslu og annan undirbúning.

Hver er þín fyrirmynd í íþróttum? Í minni íþrótt eru nokkrir sem ég lít mikið upp til og þeir sem ég lít hvað mest upp til þessa dagana eru Rúnar Jónsson sem býr í Noregi og er meðal fremstu skytta í heiminum í dag og svo félagarnir Stefán Eggert Jónsson og Einar

Pétursson sem hafa hjálpað okkur hinum svo mikið með að læra og skilja leikinn.

Af hverju valdir þú skotfimi? Ég hef alltaf haft áhuga á skotveiðum og byssum. Svo þegar að ég kynntist þessari tegund af skotfimi að þá var bara ekki aftur snúið.

Hver er fyndnust/fyndnastur af þeim sem þú þekkir?

Steinar Smári Guðbergsson (Meindýraeyðir Íslands) er

sennilega sá sem ég hlæ oftast að og með, þvílíkt gull af manni.

Hvað er skemmtilegast og leiðinlegast við þína íþrótt?

Skemmtilegast er félagsskapurinn, tækifærin, endalausar þælingar, alltaf eitthvað nýtt dót fyrir okkur dellukallana. Leiðinlegast er sennilega bara veturinn þegar maður kemst ekki út á skotsvæði og engin mót eru í gangi.

big

Gunnar Ringsted gefur út safnplötu

Tónlistarmaðurinn Gunnar Ringsted í Borgarnesi hóf ungur sinn tónlistarferil en hann var þrettán ára þegar hann spilaði fyrst opinberlega með sinni fyrstu hljómsveit árið 1966, en sú hét Spacemen. Síðan fylgdu nokkrar hljómsveitir sem Gunnar spilaði með næstu árin. Árið 1973 spilaði Gunnar með hljómasveitinni Ljósbrá í þá heimabæ sínum, Akureyri, og gaf hljómsveitin út tveggja laga plötu. Gunnar flutti til Reykjavíkur, spilaði og tók upp með hinni goðsagnakenndu hljómsveit Roof Tops en hafði stutta viðkomu í hljómsveitinni Náttúru þar á undan. Gunnar gaf nýverið út plötuna Into the Light, 17 laga plötu sem hægt er að finna á öllum helstu streymisveitum landsins og þá um leið heimsins.

Óútgefin lög í bland við útgefin

Boðið var upp á upphellt kaffi þegar blaðamaður Skessuhorns tók Gunnar tali. Á veggjum á leið inn í stofu hengu gítarar víðs vegar frá, en Gunnar kemur með Ipad og setur nýju plötuna á fóninn. „Viljið þið ekki vera úti í gróðurhúsi,“ spyr Jenný Lind eiginkona Gunnars. Við hunsum þessa hugmynd enda hljómburður fyrir plötuna frábær í betri stofunni. „Svona lítur platan út,“ segir Gunnar og setur stóran Ipad á stofuborðið. „Ég gaf út litla EP fimm laga plötu árið 2021 sem heitir Stepping Stones. Öll þau lög setti ég svo á nýju plötuna. Á nýju plötunni eru óútgefin lög í bland við útgefin; lög sem sum hafa legið í dvala og lög sem ég hef breytt örlítið,“ segir Gunnar.

Lögin eru í tímaröð

Þegar Gunnar opnar Ipadinn sést hvaða listamenn hann hefur verið að hlusta á. Hljómsveitin America, tónlistarmennirnir James Taylor og David Gates. „Öll lögin á plötunni Into the Light eru í tímaröð. Þrjú fyrstu lögin komu út á plötu með Bjarka Tryggvasyni söngvara en hann gaf út stóra plötu árið 1973 en þá voru lögin með íslenskum texta.



Gunnar Ringsted sáttur með nýju plötuna, Into the Light.

Ég styðst við upprunalegan enskan texta,“ nefnir Gunnar áður en Eygló Lind tiplar léttfætt í gegnum stofuna og út í garðskála að hitta systur sína.

„Lögin Leikið á svefninn og Fjallatoppar hafa aldrei komið út áður en næst á plötunni koma svo Roof Tops lög. Þau voru á LP plötunni Transparency með Roof Tops. Lögin Vinátta ásamt Daginn og Veginn samdi ég árið 1974 þegar ég bjó í Reykjavík. Lagið Vinátta er í miklu upphaldi hjá mér en Dan Cassidy leikur þar á fiðlu og finnst mér sterk melódían í því lagi njóta sín vel á fiðluna. Svo eru þrjú lög sem koma því næst sem ég samdi á Akureyri, með kassagítar og skemmtilegar melódíur en þá var Roof Tops hætt störfum. Næstu þrjú lög eru samin í Gunnlaugsgötu 10 í Borgarnesi, eitt þeirra laga var flutt opinberlega með hljómsveitinni Chaplin sem ég starfaði með árin 1978-1981 en síðustu

tvö lögin eru samin í kringum 1994 og 2004,“ nefnir Gunnar.

Hugmynd kom 2010

Gunnar nefnir að hugmyndin að plötunni hafi komið þegar hann hélt tónleika með frumsömdu efni árið 2010 í Borgarnesi. „Að gefa út þessi lög aftur, taka upp þessi gömlu lög. Því þessi fyrstu lög sem eru síðan 1973, voru tekin upp við mjög frumstæðar aðstæður. Á þessum tíma var tæknin í upptökustúdíóum á Íslandi ekki fullkomin. Þá hafði ég samband við Sissa hjá Stúdíó Gott Hljóð og við byrjuðum að vinna að þessu verkefni í kringum árið 2011. Platan sem kom út 2021 var tekin upp á Akureyri en við fengum þau lög öll inn til Stúdíó Gott Hljóð og þar fínþússuðum við þau lög. Það er nokkur munur á Akureyrar hljómmum og hljómmum sem Sissi galdrar fram í sínu stúdíó en ég er mjög sáttur með útkomuna,“ segir Gunnar og brosir.

Það eru alltaf einhver verkefni

Blaðamaður forvitnast um hvort að fleiri verkefni séu í undir-

búningi hjá Gunnari. „Það verður alltaf nóg af hugmyndum til en það þarf bara að gefa sér tíma til að vinna úr þeim. Ég ætti að hafa nógan tíma, þar sem ég er hættur að kenna en það eru alltaf einhver verkefni sem koma. Sumir segja að þegar þeir hætta að vinna þá er aldrei eins mikið að gera. Það er nokkuð til í því,“ segir Gunnar og hlær. „Þegar maður er með svona verkefni eins og þessa plötu, hangandi yfir sér, þá gerir maður eiginlega ekkert annað af viti, við að skapa eitthvað nýtt. En nú er platan farin frá mér og þá get ég farið að hugsa að einhverju glænýju jafnvel,“ nefnir Gunnar. En er hann búinn að hugsa um að halda útgáfutónleika? „Það gæti alveg komið til greina. Ég er svona að spá í því og hugsa um það, hvort að ég gæti smalað saman bandi og haldið tónleika. Hugsanlega hér í Borgarnesi og í Reykjavík og gæti þá fengið Dan Cassidy á fiðlu, Ara Jónsson söngvara, Jón Rafnsson á bassa og Kristján Guðmundsson á hljómborð, en þeir voru allir með á tónleikumunum 2010, og fleiri til að taka þátt. Það kemur allt í ljós,“ segir Gunnar að lokum.

Hægt er að nálgast plötuna inn á streymisveitunni Spotify.

big



Gunnar spilar fyrir blaðamann. Nafn plötunnar vísar í lögin sem aldrei hafa komið út áður, þau eru að koma í ljós eða Into the Light.



Viðey RE 50 liggur við landfestar við hlið fjölda karastæða sem verða hífð um borð eftir löndun.

Viðey RE 50 landar í Grundarfirði

Togarinn Viðey RE 50 kom til hafnar í Grundarfirði þriðjudaginn 3. september síðastliðinn. Löndun hófst fljótlega upp úr hádegi og hélt skipið til veiða á ný samdægurs. Alls var skipið með 480 kör í lestinni sem er gróflega áætlað í kringum 144 tonn af afla. Nú er nýtt kvótaár hafið og hefur komum skemmtiferðaskipa fækkað og meðan fiskiskipin eru farin að koma í auknum mæli. Þetta fylgir að sjálfsgöðu haustinu þar sem lífið dettur í sinn vanangang eftir rötleysi sumarsins.

tfk



Skipverjar ræða hér við Hafstein hafnarvörð sem tók á móti skipinu.



Þessi káti kokkur brosti blítt til ljósmyndara við komuna til Grunarfjarðarhafnar.

M
MENNTASJÓÐUR
NÁMSMANNA

Jöfnunarstyrkur til náms

**Umsóknarfrestur á haustönn 2024
er til 15. október n.k.**

Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms og greiða leigu).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla).

Opnað er fyrir umsóknir 1. september 2024.

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á „Mitt Lán“ sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar www.menntasjodur.is. Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef Menntasjóðsins.

Menntasjóður námsmanna

Námsstyrkjanefnd

Fréttaveita Vesturlands



Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð
fyrir Husqvarna Construction
á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjoppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði
og varahlutir

Husqvarna Trowel
BG 245
Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm

Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm

Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max

Husqvarna K770 14"
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm

Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata

Husqvarna FS400
LV gólfsög
Sögunardýpt 16,2 cm

Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005
230mm Plata, 69 kg

Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm

Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm

Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm

Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm

Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ
VERSLUN

Víkurbær 4 - 203 Kópavogur
Opíð mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Nóg að gera í Kung Fu vagninum

Matarvagninn Kung Fu hóf starfsemi á Akranesi í lok mars og er staðsettur á Stíllholti, á móts við Verslunina Bjarg. Skagamaðurinn Jökull Guðjónsson er eigandi vagnsins og segir hann að vel hafi gengið frá opnun og nóg að gera. „Júlí var líklega rólegasti mánuðurinn en svo fann maður strax mikinn mun eftir verslunarmannahelgina þegar fólk var komið í rútínu. Það er auðvitað lítið um ferðamenn hérna og mest Skagamenn sem eru að versla við okkur.“ En hvernig hafa þeir tekið ykkur? „Mjög vel og ég hef ekki heyrt annað en að allir séu mjög ánægðir með tilbreytinguna alla vega. Það er fullt af finum stöðum hérna en það vantaði kannski að mínu mati asíska veitingastað í átta þúsund manna bæjarfélagi og miðað við viðtökurnar held ég að það sé rétt hjá mér.“

Jökull keypti matarvagninn í september í fyrra og segir að þegar það fór að róast í hinni vinnunni hafi hann farið að huga að vagninum. Jökull hafði lengið unnið erlendis og kom svo heim að vinna þegar covid skall á en hann er með eigið ráðgjafafyrirtæki. „Það tók tíma að fá öll leyfi og breyta vagninum. Ég er alltaf með tvo starfsmenn með mér svo hlutirnir gangi vel fyrir sig og þeir eru mættir fyrir hádegi til að allt verði klárt fyrir opnun. Ég er ekki kokkur en ég sé um að afgreiða og að hlutirnir séu í góðu lagi.“

Kóresku kjúklingavængirnir vinsælir

Á matseðlinum er fjölbreytt blanda af alls konar réttum og segir Jökull að stefnan hafi verið að hafa fullan



Jökull Guðjónsson er eigandi Kung Fu.

Ljósmynd: vaks



Vagninn er opinn frá þriðjudegi til laugardags frá 17-20.

matseðil alla dagana en frekar einfaldan. „Svo sá ég það strax í byrjun að vegna þess að það var takmarkað pláss var erfitt að hafa alla réttina alla dagana þannig að ég er með ákveðna rétti á hverjum degi sem hefur virkað vel.“ Hvað er svona vinsælast á matseðlinum þessa dagana? „Kóresku kjúklingavængirnir eru mjög vinsælir núna og djúpteiktu rækjurnar seljast alltaf mjög vel. Vorrúllur voru að bæstast á matseðilinn og hafa slegið í gegn. Við reynum að hafa hóflegt verð á réttunum og skammt-

arnir eru ríflegir. Það hjálpar að vera ekki með húsnæði heldur vagn og ekki stórt utanumhald. Svo hef ég fengið fyrirspurnir um að hafa opið í hádegina og það kemur vel til greina en það verður þá auglýst ef af því verður.“

Eins og áður kom fram er Kung Fu vagninn til húsa á Stíllholti og segir Jökull að staðsetningin sé mjög góð. „Það væri kannski skemmtilegra að vera niðri í bæ upp á stemninguna. En hér er fullt af bílastæðum, þetta er í alfaraleið og ég held að þetta sé besta staðsetningin.“ Jökull stefnir

á að vera með vagninn í vetur og hefur engin áform um að hætta. „En þegar lægðirnar byrja að koma og veðrið að versna þá veit maður ekki alveg hvað gerist en það kemur allt í ljós. Þá lokar maður bara þann daginn og opnar þann næsta. Okkur hefur verið tekið mjög vel og fólk virðist vera mjög ánægt með það sem við bjóðum upp á. Ég er bara bjartsýnn og hlakka til að bjóða Skagamönnum og nærsveitungum áfram upp á góðan asíska mat á góðu verði,“ segir Jökull að endingu.

vaks

Lýðheilsufulltrúi Dalabyggðar 100% staða - nýtt starf

Dalabyggð auglýsir stöðu lýðheilsufulltrúa til umsóknar.

Um er að ræða nýtt 100% starf innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

Helstu verkefni og ábyrgð lýðheilsufulltrúa Dalabyggðar:

- Fagleg og rekstrarleg ábyrgð á starfsemi nýrra íþróttamannvirkja í Búðardal sem og á íþróttastöðu utanhúss, á félagsheimili í Búðardal og á félagsmiðstöð.
- Próa og stýra íþrótt-, lýðheilsu- og tólmundamálaum ásamt forvörnum, verður forvarnarþátturinn unninn í góðu samstarfi við félagsmálanefnd og starfsmann hennar.
- Fagleg ráðgjöf eftir fönngum við þau félagasamtök sem standa fyrir skipulögðu íþrótt- og tólmundastarfi í Dalabyggð.
- Leiða stefnumörkun um viðfangsefni sviðsins í málaflokknum með fagnefndum og sveitarstjórn.
- Ábyrgð á æskulýðsstarfi, vinnuskóla, sumarnámskeiði sem og leikvöllum.
- Samstarf við félagasamtök og aðkoma að ýmsum viðburðum á vegum sveitarfélagsins í samstarfi og undir stjórn verkefnastjóra/ staðgengils sveitarstjóra.
- Utánúthald varðandi framboð á lýðheilsutengdum þáttum í sveitarfélaginu hverju sinni og eftir árstíðum, s.s. eins og íþróttæfingum, íþróttaskóla, skátastarfi og þ.h. þannig að framboð verði aðgengilegt á heimasíðu Dalabyggðar.

Menntunar- og hæfniskröfur

Æskilegar menntunar- og hæfniskröfur fyrir starf lýðheilsufulltrúa Dalabyggðar:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði kennslu, lýðheilsu, íþróttu og tólmundastarfi.
- Reynsla af íþrótt- og tólmundastarfi er kostur.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og stefnumótun er kostur.
- Leiðtogaþæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti, kostur ef til staðar er gott vald á enskunnáttu.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Gerð er krafa um hreint sakavottorð.

Við leitum eftir öflugum og drífandi einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi til að stýra afar fjölbreyttum og gefandi verkefnum í þágu samfélagsins í Dalabyggð.

Það er gott að búa í Dalabyggð. Boðleiðir eru stuttar, félagslíf er fjölbreytt og svæðið fullkomið fyrir þá sem vilja búa fjarri erli og óþarfa áreiti. Dalabyggð leggur áherslu á samhent og fjölskylduvænt samfélag þar sem íbúar geta unað vel. Í Dölnum gefast tækifæri til útivistar, líkamsræktar og þátttöku í ýmskonar félagsstarfi.

Áhugasamir einstaklingar af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt gildandi samningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsókn skal fylgja náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti af prófskírteinum og starfsleyfi ef við á ásamt sakavottorði. Umsókn fylgi einnig kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 23. september næstkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri í síma 660 8245, netfang sveitarstjóri@dalir.is – á það netfang sendist einnig umsóknir um starfið.



Fylgstu með

*Fréttir af Vesturlandi og
úr þinni heimabyggð*



Vefáskrift

Aðgangur að læstum greinum, viðtölum, hlaðvarpi, o.fl. á vef Skessuhorns.

1.998 kr.



Stafræn blaðaáskrift

Aðgangur að stafrænni útgáfu blaðs (PDF útgáfa aðgengileg á vef með lykilorði).

3.585 kr.



Blaðaáskrift

Þú færð vikublað Skessuhorns sent heim að dyrum í hverri viku.

4.575 kr.

Skráðu þig í áskrift
á skessuhorn.is/askrift

SKESSUHORN

Nýtt líf og nýr áfangi tekinn við

Rætt við Margréti Þorvaldsdóttur kennara í Grundaskóla sem lét af störfum í vor

Árið 1989 var Margrét Þorvaldsdóttir ráðin sem kennari í Grundaskóla á Akranesi. Síðan þá, eða í ein 35 ár, hefur hún sinnt margvíslegum störfum við skólann með miklum sóma. Hún hefur verið umsjónarkennari, sérkennari, verkgreinakennari og sinnt stjórnun, svo fátt eitt sé nefnt. Þúsundir nemenda hafa notið kennslu hennar á þessum tíma. Margrét lét af störfum í vor við útskrift skólans og blaðamanni Skeppuhorns þótti tilvalið í tilefni þessara tíma-móta að heimsækja Margréti á heimili hennar við Vesturgötu í síðustu viku. Við settumst úti við á veröndina á einum af fáum sólardögum sumarsins og tókum gott spjall. Eiginmaður Margrétar er Kristján Kristjánsson rithöfundur og bókaútgefandi og eiga þau þrjá syni; Pál Oskar, Kristján Jóel og Þorvald. Margrét er hæglat og þægileg í fasi og ég spyr hana fyrst út í æskuárin en Margrét er fædd og uppalin á Akureyri.

Alltaf Akureyringur í hjartanu

Kannski fyrst, hvernig var að alast upp á Akureyri? „Ég ólst upp í stórum systkinahópi eins og tíðkaðist á þessum árum, mörg systkini og stutt á milli þeirra. Móðir mín var búin að eiga sex börn 25 ára gömul. Ég og tvíburabróðir minn vorum yngst í 10 ár en þá bættist við sjöunda barnið. Það var gott að alast upp á Akureyri, mér fannst eins og það væri ekki til neinn betri staður en svo kynntist ég snjóléttum vetrum hér á Akranesi. Þegar ég lít til baka þá held ég að bernskuslóðirnar hafi mótað mig til framtíðar. Ég lék mér mikið í brekkunum, þær bjuggu til einhver viðmið um hvað sé hægt og hollt fyrir okkur. Það þótti ekkert tiltökumál að ganga upp Gilið eða aðrar brekkur og ekki kvartað þó að maður þyrfti að ýta barnavagni eða kerru á undan sér. Akureyringurinn í mér hefur aðeins dofnad með árunum en taugarnar eru alltaf þar. Ég hef ekki verið nógu dugleg að heimsækja bernskuslóðirnar en bærinn er mikið breyttur í dag. Einnig hefur samferðafólkið dreifst víða. En ég held að ég verði alltaf Akureyringur í hjarta mínu.“

Að flytja á Skagann var mikið gæfuspör

Margrét útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 23 ára gömul árið 1981 en hún fór aðra leið en flestir fóru. „Ég fór í framhaldsdeild GA sem var forveri Verkmenntaskólans og hún var ekki alltaf starfandi. Ég útskrifaðist síðan frá MA og fór til Reykjavíkur árið eftir og stundaði nám í Kennaraháskólanum frá 1983-1986 og bætti við einu ári í smíðum. Síðan fórum við Kristján til Spánar í heilan vetur með elsta soninn. Við Kristján kynntumst á Akureyri, ég var að vinna á skrifstofu Símans en hann á pósthúsinu. Við stefndum á Akureyri en gátum hugsað okkur að stoppa við á leiðinni þangað. Kunningi okkar sagði okkur frá húsnaði á Skaganum sem hann taldi að okkur myndi líka. Kristján skrapp upp á Skaga, kíkti á húsið sem var á Háteigi 8 og tók nokkrar myndir. Mig minnti að ég hafi þá aðeins einu sinni keyrt í gegnum Akranes en trúlega var það misminni. Ég samþykkti kaupin á Háteigi 8 án þess að þekkja bæinn og hafandi aðeins séð ljósmyndir af

húsinu. Þetta voru góð kaup, okkur leið vel í húsinu og eignuðumst við góða nágranna. Þetta reyndist okkur mikið gæfuspör því hér er gott að búa. Haustið 1988 byrja ég að kenna í Grundaskóla í Reykjavík um haustið og tók svo upp þráðinn á vorönn því ég átti barn í millitíðinni. Við flytjum svo upp á Skaga 1989 og ég hóf störf í Grundaskóla.“

En hvenær tókstu þá ákvörðun að ætla að verða kennari? „Það gerðist þannig að ég hafði sótt um þroskaþjálfann en var hafnað því ég hafði ekki unnið með fötluðum. Þegar ég var 19 ára hafði ég ekki vinnu og sótti um á tveimur stöðum, á Sólborg sem var heimili fyrir fatlaða og í kaffiteríu KEA. Sama dag fékk ég jákvætt svar frá báðum en KEA hringdi á undan og ég sagði strax já. Hefði starfsmaður Sólborgar hringt á undan þá hefði ég farið þangað og líklegast komist inn í þroskaþjálfann. Lífið er stundum eins og billjardborð, þú veist aldrei hvar kúlan lendir. En ég sá aldrei eftir að hafa lært að verða kennari og er mjög ánægð með ævistarfið sem ég valdi.“



Margrét Þorvaldsdóttir.

Ljósmynd. vaks



„Það var gott að búa á Háteigi 8, það var góður andi í húsinu enda einn veggurinn smíðaður úr timbri úr gamalli kirkju.“

Alltaf átt stað í hjartanu

Hvernig voru fyrstu árin í Grundaskóla, varstu lengi að koma þér inn í hlutina og hvernig best væri að vinna? „Ég byrjaði sem umsjónarkennari og það er eini umsjónarbekkurinn sem ég hef haft í Grundaskóla, árgangur 1982. Ég tók við þeim í sjö ára bekk sem hét þá fyrsti bekkur en síðan gerist það að þegar þau áttu að koma í annan bekk þá fóru þau í þriðja bekk af því að þá var fyrsti bekkur orðinn skóla-skylda. Röðunin breyttist af því að sex ára bekkurinn var forskóli þegar ég byrja sem kennari. Árgangur '82, hefur alltaf átt stað í hjarta mínu, ég hef fylgst með þeim í gegnum árin og séð þau þroskast, mennta sig, fóta sig í lífinu og verða að dugmiklum einstaklingum. Ég held að þetta einkenni alla kennara, þeir fylgjast með nemendum sínum alla tíð því það er einhver taug þarna á milli sem slitnar aldrei. Með umsjónarkennslunni kenndi ég heimilisfræði og seinna kenndi ég smíðar. Enn fremur sinnti ég sérkennslu sem felst í því að styðja þá nemendur er þurftu sérstakan stuðning og finna leiðir fyrir þá í náminu. Það er misjafnt hvernig nemendum gengur að finna styrkleika sinn og hvað hentar þeim best. Mér fannst sérkennslan skemmtileg svo ég skellti mér í meira nám og lauk meistaranámi í sérkennslufræðum. Ég var með einn nemanda í heil tíu ár sem var með Downs heilkennið og það var mjög lærdómsríkur og góður tími því ég

fylgdi ekki aðeins honum heldur og líka árganginum öllum. Við Ásta Egils lærimeistari minn unnum saman að þróunarverkefninu „Ég vil vera í sama skóla og bræður mínir“ en það snýst um skólagöngu þessa dásamlega drengs.

Var með naglaveikina

Þú starfaðir í Grundaskóla í 35 ár, ertu til í að deila einhverjum minningum þaðan?

„Ég á góðar minningar frá starfinu í Grundaskóla. Má þar nefna allt samstarfsfólkið á þessum árum, skipulagðar námsferðir til útlanda eða óvissuferðir, Grundóvísjón, jólaföndur sem ég bauð upp á, námskeið sem kennarar héldu og ég sótti og svona mætti lengi telja. En síðast en ekki síst er það samveran með nemendum. Skemmtilegustu tímarnir voru í smíðastofunni þar sem flestum leið vel og vildu vera lengur en sem nam kennslustundinni. Ég var einu sinni með verkefnið að „Greina tré“ en þá áttu nemendur að velja sér trjategund, teikna útlínur trjákrónunnar, reka nagla í línurnar og þræða síðan garni í réttum lit eftir nöglunum. Í einum tímanum varð ein unga stúlka mjög föl meðan á þessari vinnu stóð, hún bar sig illa og þurfti að gera hlé á vinnu sinni. Ég spurði hana hvort það gæti hugsað að hún væri með naglaveikina. Já, hún var á því, en það skal tekið fram að þessi veiki hrjáði mjög fáa og yfirleitt bráði af þeim veiku þegar hamri var sleppt.“



Bekkurinn hennar Margrétar, árgangur 1982. „Þetta var fjörugur, skemmtilegur og eftirminnilegur hópur.“

Sér ekki eftir neinu

Margrét nefnir einnig að þegar hún líti til baka þá hafi auðvitað fennt yfir margt en samt muni hún ótrúlega mikið. „Ég sé ekki eftir neinu en ég hef sagt við samstarfsfólk mitt að ef ég hefði vitað að ég myndi starfa í Grundaskóla í 35 ár þá hefði ég kannski staldrað við á einhverjum tímapunkti og hugleitt hvort ég vildi einhverjar breytingar. Ég breytti reyndar aðeins til, fór í námsleyfi, kenndi einn vetur í Brekkuskóla á Akureyri og annan á starfsbraut FVA. Það skiptir máli að vikka út sjóndeildarhringinn þó að viðfangsefnið sé í rauninni hið sama. Annað sem stendur upp úr er dansleikur sem ég stóð fyrir. Ég fékk þá hugmynd að halda skemmtun þar sem sólin og gleðin réði ríkjum. Undirbúningur hófst í upphafi árs en dansleikur var haldinn í febrúar. Ég setti stóra sól upp á vegg kaffistofunnar og flesta daga bætti ég við geislum hennar þar sem á var ritað hvað þyrfti að hafa með sér og á sér á sólarströnd. Dansleikurinn var haldinn í Rein, sem var staður af rétttri stærð, og allir gestirnir voru mættir í léttum sólstrandarfatnaði (nema kannski tveir nunnur sem reyndu hvað þær gátu að hafa áhrif á gesti og minna á velsæmi í klæðaburði), með sólbeppi, sólhlífar og alla þá smáhluti sem nauðsynlegir eru í sólinni. Það eru mörg ár síðan dansleikurinn var haldinn en honum gleymi ég ekki.“

Þekkti flesta nemendur með nafni

Hvað er það skemmtilegasta við það að vera kennari - og það leiðinlegasta? „Það eru fyrst og fremst nemendurnir, þeir eru það sem gefur starfinu gildi. Að eiga gott samtal við nemendur er mjög gaman og dýrmætt og ef þér tekst að vekja áhuga nemandans á því sem hann er að fást við þá er það sem gefur mest en sú leið getur verið flókin.“ En er ekki gaman að hitta gamla nemendur á förnum vegi? „Jú, og það var sérstaklega gaman þegar ég var að kenna list- og verkgreinar því þá hittu maður eiginlega alla nemendur skólans og þá var markmið mitt að þekkja alla nemendur með nafni af því að mér finnst það skipta máli því það verður tenging sem skiptir nemendum máli. Það er svona eitt og eitt nafn sem maður er farinn að gleyma en ég þekki mjög mörg nöfn ennþá. Það leiðinlegasta eða erfðasta við starfið var þegar maður fann ekki alveg leiðina sem maður var að leita að til þess að hjálpa einhverjum einstaklingi í hans námi, en það kom yfirleitt að lokum.“

Hefði kannski mátt vera strangari

Hvernig kennari varstu? „Þegar ég hætti fékk ég púða sem var með hugtökum sem eiga að lýsa mér. Ég var alltaf að reyna mitt besta og var þekkt fyrir skipulag, alltaf í einhverjum römmum því þannig vinnur maður best að mínu mati.“

Varstu ströng? „Ég held ekki og ég hefði örugglega oft mátt vera strangari! Ég get nefnt dæmi eins og í sérkennslunni að þá lenti maður oft í því að þeir sem þurftu á aðstoð að halda vildu hana ekki. Kannski leið þeim ekki allt of vel með það að vera teknir til hliðar. Síðustu árin var sérkennslan skipulögð þannig að maður sinni nemum með bekknum.“

Loksins hægt að lifa af sumarmánuðina

Breyttist ekki margt á öllum þessum árum í kennslunni og hvað var það helsta? „Það var mikil breyting þegar sumarlaunin hækkuðu með lengra skólaári. Loksins var hægt að lifa af sumarmánuðina án þess að sinna öðru starfi. Þessi lágu sumarlaun leiddu til þess að ég leitaði eftir sumarvinnu hjá Skallagrími sem rak Akraborgina. Í nokkur sumur vann ég í vörumóttökunni hér á Skaganum. Það var skemmtilegt að upplifa stemninguna sem fylgdi komum og brottförum ferjunnar og ekki má gleyma skemmtilegum vinnufélögum en þeir áttu stóran þátt í að gera þessi sumur eftirminnilig. Það er ekki hægt að segja annað en að á löngum starfsferli hefur margt breyst. Grunnskólinn er nú einsetinn, forskóli orðinn fyrsti bekkur og 9. bekkur er nú 10. bekkur. Undirbúningur hefur færst inn í skólann en áður fyrr sköpuðu flestir kennarar sér aðstöðu heima fyrir til að sinna undirbúningi.“

Purfum að efla áhuga og metnað nemenda

Margrét rifjar upp þegar nemandi af erlendum uppruna byrjaði í skólanum og í einhver ári var hann sá eini. „Í dag er ekki til sú bekkjardeild sem er án nemenda af erlendum uppruna. Starfið hefur kennt mér margt en kennari er í raun aldrei fullnuma því skólastarfið tekur sífelldum breytingum. Nemendahópurinn í skóla án aðgreiningar er fjölbreyttur og honum fylgja margar áskoranir. Á sama tíma erum við líka að taka á móti nemendum af erlendum uppruna. Núna í vetur voru nemendur frá 27 þjóðlöndum í skólanum. Því miður held ég að skólar landsins hafi ekki bolmagn til að taka á móti öllum en við reynum svo sannarlega og bjóðum alla velkomna. Kennarar gefast ekki upp fyrir krefjandi verkefnum en ef betri árangur á að nást og öllum líði vel þá þurfum við að gera betur. Og þegar ég segi öllum þá á ég við alla innan skólans, jafnt starfsmenn sem nemendur. Við þurfum að efla áhuga og metnað nemenda á námi og síðast en ekki síst þurfa þeir að taka ábyrgð á eigin námi – með aðstoð foreldra – og setja sér markmið. Þeir þurfa að til-einka sér námsleiðir og aðferðir sem henta þeim best. Fjölbreyttur nemendahópur lærir eftir mismunandi leiðum og starf okkar snýst fyrst og fremst um að hjálpa nemendum að finna réttu leiðirnar til að ná árangri í námi því það sem hentar einum hentar kannski ekki öðrum.“

Ætlar ekki að sitja með hendur í skauti

Varstu sátt við að þurfa að hætta sem kennari? „Það eru frekar skritin tímamót að vera hætt kennslu en ég held reyndar að kennari hætti aldrei að kenna, hann fer aðeins af launaskrá. Ég kallaði það útskrift þegar ég lauk störfum. Ekki ósvipað og hjá þeim sem ljúka námsáfangi og útskrifast, nýr áfangi í lífinu tekur við.“

Margrét segir að sú tilfinning sé góð að geta ráðið því að morgni hvað hún ætli að taka sér fyrir hendur



Fyrsta skólaheimsókn Margrétar í erlenda skóla þegar hópur kennara af Vesturlandi lagði leið sína til Glasgow. Með Margréti á myndinni eru þær Soffía Sigurjónsdóttir og Rósa Einarsdóttir.

þann daginn. „Það er ekki eins og ég ætli að sitja með hendur í skauti. Ég rek lítið bókaforlag ásamt Kristjáni og forlagið ber stafina mína; mth. Ég hef lengi komið að prófarkalestri og ýmsum verkefnum sem hafa fallið til og nú er þælingin sú meðal annars að reyna jafnvel fyrir sér við þýðingar. Mér fannst þegar ég hætti vera góður tímamarkur því ég verð 67 ára í janúar á næsta ári. Ég tók þá ákvörðun fyrir tveimur árum þegar ég fór að læra húsasmíði í FVA í helgarnámi að eiga tíma meiri fyrir sjálf mig. Ég var búin að vera í 140% vinnu í tvö ár og vildi eiga síðustu önnina þar sem ég hefði nægan tíma til að sinna áhugamálinu. Ég var alls ekki orðin leið á starfinu en á sama tíma hefur starfsmannahópurinn breyst og mikil endurnýjun orðið í kennarastéttinni. Ég var einmitt að rifja það upp að núna í dag eru nákvæmlega fimm ár síðan ég fékk hringingu þar sem mér var tjáð að ég væri með krabbamein – sem ég blessunarlega náði mér af. Þú veist aldrei hvaða tíma þú hefur og ef það er möguleiki á að hætta að vinna þá er bara að kyla á það og njóta þess. Það er alltaf verið að hnippa í okkur og láta okkur vita af því að það veit enginn hvað morgundagurinn ber í skauti sér.“

Lífsgæði að geta hreyft sig

Hver eru áhugamálin þessa dagana? „Ég hef alltaf áhugamálin mín sem er dagleg hreyfing, ganga og skokk og handavinna. Ég hef alla tíð hjólað eða gengið til vinnu og trúlega spilar uppvöxturinn þar inn í. Ég fæddist og ólst upp á Akureyri þar sem enginn kvartaði undan erfiðum brekkum. Bernskuslóðirnar mótuðu mig og þegar ég leiði hugann að ungum krökkum í dag sem er alltaf skutlað hvert sem þeir fara þá verð ég að játa að ég hef dálitlar áhyggjur af framtíð þeirra. Við erum ekki að gera krökkunum neinn greiða með þessari svokallaðri göðmennsku. Ég skil ekki þessa hugsun að vera alltaf að skutla börnunum í skólann í stað þess að láta þau labba eða hjóla. Það er verið að skutla þeim í skólann, ná í þau í skólann og skutla þeim á æfingu þar sem þau hreyfa sig loksins. Þetta eru forréttindi að búa í litlu samfélagi þar sem þú kemst allra þinna ferða gangandi eða á hjóli. Það eru lífsgæði að geta hreyft sig og komist leiðar sinnar með sjálfbærni að leiðarljósi.“

Ætlar að vinna betur í sjálfri sér

Margrét segir einnig að síðast en ekki síst ætli hún að vinna í sjálfri sér, læra meira og sinna líkamrækt. „Ég held að því eldri sem við verðum því nauðsynlegri er líkamræktin. Varðandi nám þá er ég byrjuð á ítölskunámi með aðstoð apps sem heldur mér við efnið.“



Lagt af stað í óvissuferð. „Ein af fyrstu óvissuferðum mínum með starfsfólki skólans en allar eiga þær það sameiginlegt að hafa verið bráðskemmtilegar. Á myndinni eru Steinunn Guðmundsdóttir, Laufey Karlsdóttir, Kristján Kristjánsson, Borghildur Jósúadóttir, Ásta Kristjana Guðjónsdóttir og Rúna Lindal. Grillir í Hrafnhildi Hannibals fyrir aftan Borghildi og fyrir aftan hana er Nína (Guðjónína) Sigurðardóttir. Og svo eru það auðvitað strákarnir á aftasta bekk en það breytist seint, Sveinn Kristinsson, Björgvin Guðjónsson og Elmar Þórðarson.“

Námið er rétt ný hafið en ég get pantað mér svart og sykurlaust kaffi án erfiðleika. Spennandi ferðalög bíða mín á næstu árum. Ég hef oft dvalið erlendis í tiltölulega langan tíma og það er á dagskrá að ferðast einhverja mánuði á hverju ári. Ég á son, tengdadóttur og ömmustrák á Ítalíu, tvo bræður í Noregi og systur í Svíþjóð og vonandi á ég eftir að heimsækja þau oft á næstu árum. Og ekki má gleyma landinu

okkar en ég hef ekki verið nógu dugleg að ferðast um það.“

En hvar sérðu þig eftir tíu ár? Ég vona bara að ég haldi góðri heilsu og geti ferðast. Ég vil halda í þetta hús okkar því það er oft þessi tilhneiging hjá fólki að vera á einni hæð en við þurfum tröppurnar og hreyfinguna. Við eigum ekki að gera hlutina einfaldari því það bitnar á okkur líkamlega, það er bara þannig. Þetta er fyrsta haustið



Þaðstrandarhátíð haldin í Rein í febrúar og sólin skein! Tvær nunnur mættu á þaðströndina og brýndu fyrir fólki að gæta velsæmis í klæðaburði en höfðu ekki erindi sem erfiði. Þær voru Ása Jónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir, (Systa).



Á Akureyri snjóaveturinn mikla 1994 - '95. Bræðurnir Palli og Jóel við snjóhúsið góða sem stóð í nokkra mánuði. Snjó kyngdi látlaust niður allan veturinn og fjölgði því tröppunum niður í húsið. Ef vel er að gáð má sjá að svalirnar á húsinu eru rétt fyrir ofan skafllana.

sem ég mæti ekki til vinnu og eins og ég sagði áðan þá kallaði ég þetta útskrift þegar ég hætti í vor. Það er ekki að ég sé að hætta heldur er ég að útskrifast og nú hefst nýtt líf og nýr áfangi tekur við. Það er áfangi sem ég ætla að njóta og til þess að geta notið hans sem best þá ætla ég að vinna betur í sjálfri mér, það er stefnan,“ segir Margrét að endingu. *vaks/Ljós. úr einkasafni*

Eldri borgarar í Snæfellsbæ í Færeyjaferð

Í nýliðnum mánuði fór fimmtíu manna hópur frá Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ í heimsókn til Færeyja. Hópurinn dvaldi í þrjár nætur á Hótel Þórshöfn sem er vinnulegt hótél á besta stað við höfnina. Heimsóttur var vinabær Snæfellsbæjar sem er Vestmanna á Straumey. Þar búa um 1200 manns og vel var tekið á móti hópnum. Bæjarstjórinn Björg á Rógvi bauð hópinn velkominn í fallegri kirkjunni og sagði okkur m.a. frá kirkjunni og bæjarfélaginu sínu. Þá söng kirkjukór Vestmannakirkju lög undir stjórn Magna Christjansen og einnig tók hann nokkur lög

sjálfur. Magni er country söngvari og er oft með tónleika í Færeyjum og víðar og fékk hann gott klapp. Á eftir var hópnun boðið í smörrebrauð í safnaðarheimilinu. Þar tóku fleiri til máls og rætt var m.a. um vinabæjar sambandið sem þyrfti af efla. Einnig var rætt um heimsóknir barna sem stunda íþróttir og um sitthvað fleira sem mætti gera. Þá var haldið í Grænanes en það er dvalarheimili bæjarins, mjög vel úr garði gert og með góðu útsýni yfir bæinn. Áður en hópurinn kvaddi Vestmanna fór hluti hans í whisky-smökkun og allir komu glaðir út.

Í ferðinni voru skoðaði margir þekktir staðir í Færeyjum, m.a. Saksun, Kirkjubæur og einnig var farið til Klakksvíkur. Þá var gengið um Þinganesið þar sem landstjórnin er með skrifstofurnar og sína aðstöðu. Þá var fallega dómkirkjan þeirra skoðuð og Þinghúsið sem er örstutt frá hótelinu. „Hópurinn naut í ferðinni leiðsagnar góðra vina okkar sem búa í Færeyjum og var það framlag ómetanlegt,“ sagði Pétur Steinar Jóhannsson sem sendi Skessuhorni þessa ferðalýsingu.



Hér er hópurinn staddur í Vestmannakirkju.

Ljós. Birgir W Högenesen.

Drónaflug tildrög dægurlags

Hólmari Elvar Þór Steinarsson gaf nýverið út lagið Ásýndin og er hægt að finna það á öllum helstu streymisveitum. „Ég var að drekka kaffibollann einn morguninn og sá þá drónaflugs vídeó frá Sumarliða Ásgeirssyni og varð fyrir miklum áhrifum af því myndbandi. Ég lék mér við að taka saman orð og textinn kom svo smám saman. Umhverfið í Stykkishólmi, eyjarnar og nærumhverfið notaði ég í laginu og er mjög sáttur með útkomuna,“ segir Elvar í samtali við Skessuhorn.

Eins mikill Hólmari og hægt er

Elvar fluttist til Reykjavíkur árið 1985 en hann ber sterkar taugar til Stykkishólms. „Ég byrjaði ungur að fylgjast með hljómsveitum úr Stykkishólmi; Óveru, Ísjá, Stykk og Strados en bróðir minn spilaði með hljómsveitinni Stykk. Ég kom svo inn í hljómsveitina Stykk seinna meir en hljómsveitin var endurvakin í kringum 1993 þá í Reykjavík, stoppaði eða fór í pásu árið 2001 en við gáfum út disk árið 1999 og lagið Láttu Hólminn heilla þig kom þá út. Það lag var og er mikið spilað en var mikið notað í körfuboltaleikjum í Hólminum. Þar ber að þakka Daða Heiðari Sigurþórssyni en hann spilaði þetta lag við hvert tækifæri,“ segir Elvar og hlær.

Stórskotalið kemur fyrir í Ásýnd

Lag og texti er eftir Elvar en hann fékk aðstoð við útfærslu á textanum



Elvar að syngja í einkasamkvæmi.

hjá Ægi Breiðfjörð Jóhannessyni. Einnig kemur að laginu mikill fjöldi Hólmara, en Elvari fannst mikilvægt að nokkrar raddir yrðu teknar upp. „Rödd Eyþórs Lárentsínussonar hefur lítið sem ekkert verið tekin upp og fannst mér það mikilvægt að reyna að fá hann inn í lagið sem söngvara. Hann hefur þessa frægu rödd sem við Hólmarar höfum þekkt um áraraðir. Eins talaði ég við Þórhildi Pálsdóttur, eða Heddy, um að taka þátt í laginu og hún samþykkti það. Ég var búinn að vera í góðu sambandi við Tönlístar-skólann í Hólminum og þekkti því vel til hans Kristjóns Daða og hann var til í þetta verkefni. Síðan voru

öll þau sem ég talaði við tilbúin í þetta verkefni og er þetta fjöldinn allur af Hólmurum sem lagði á sig vinnu við að gera lagið og er ég þessu fólki ævinlega þakklátur,“ segir Elvar.

Glaður yfir móttökunum

Elvar kom fram á bæjarhátíðinni Dönskum dögum í Stykkishólmi í ágústmánuði og var vel tekið. „Við náðum nokkrum söngvurum upp á svið en því miður voru einhverjir sem voru ekki í bænnum, en það er eins og það gengur. Laginu var vel tekið á Stykkinu og finnst



Elvar að skemmta á bæjarhátíðinni Dönskum dögum í Stykkishólmi nú í ágúst.

mér umræðan vera jákvæð. Ég er með nokkur verkefni í mótun hjá mér, er að spila með hljómsveitinni Skörfum, er ávallt að leika mér með

lög eða texta og hver veit nema að það komi út fleiri lög á næstunni,“ segir Elvar í lokin.

big/ Ljós. efs

Fjórir snillingar er heiti nýrrar bókar Helga blaðamanns

Fjórir snillingar er heiti bókar sem Helgi Bjarnason blaðamaður frá Laugalandi hefur tekið saman og gefur nú út. Þetta er önnur bókin í ritröð sem nefnd er „Sagnaþættir úr Borgarfirði“. Í henni eru persónuþættir þar sem sagt er frá ævi og störfum nokkurra áhugaverðra einstaklinga sem sett hafa svip sinn á samfélagið í Borgarfirði á ýmsum tímum. Fjallað er um tvo bændahöfðingja, sem stóðu framarlega í helstu framfarumálum héraðsbúa á fyrri hluta 20. aldarinnar, og tvö skáld sem Helga þótt vert að lyfta upp á sjónarsviðið. Annað átti sitt blómaskeið fyrir aldamótin 1900 og hitt um aldamótin 1600. „Allt voru þetta snillingar, yfirburðamenn, hver á sínu sviði,“ segir Helgi. Bókin er í kiljuformi, 190 blaðsíður að stærð og er prýdd fjölda ljósmynda, meðal annars sögulegra. Við sögu koma 467 menn og konur.

Mennirnir sem eru í aðalhlutverkum í bókinni eru Davíð Þorsteinsson, stórbóndi á Arnbjargarlæk, sem stóð í stafni við siglingu flestra framfarumála héraðsins til hafnar á fyrstu áratugum síðustu aldar. Nefna má sjósamgöngur, verslunarmál, veiðimál og skólamál og svo var hann óskoradur leiðtogi sinnar sveitar í áratugi. Davíð var landsþekktur fyrir hnyttin tilsvör og eru nokkrar sögur af honum sagðar.

Kristján F. Björnsson, bóndi og byggingarmeistari á Steinum, byggði hátt í sex tugi húsa í sveitum Borgarfjarðar og í Borgarnesi. Þar á meðal nokkur af helstu skólamanntækjum héraðsins og átti hann þannig stóran þátt í uppbyggingu og framþróun hér-



Kynning á bókinni.

aðsins. Kristján vann einnig mikið að félagsmálum, eins og Davíð á Arnbjargarlæk. Sérstaklega er sagt frá brunasumrinu 1949 þegar íbúðarhúsið á Steinum brann og Kristján og fjölskyldan hans byggði nýtt á skömmum tíma.

Þriðja viðfangsefnið er Sigurður Eiríksson sem var Borgfirðingur þótt hann væri búsettur utan héraðs meiri hluta ævi sinnar. Hann orti alkunna vísu, „Lyngs við bing“, þegar hann var vinnumaður í Kalmanstungu og var síðustu árin afkastamikill skáld og þýðandi í þágu Hjalpræðishersins. Auðbjörg Jónsdóttir kona hans var fædd í Norðtungu og var ásamt

Sigurði einn af fyrstu hermönnum Hjalpræðishersins þegar hann hóf innreið sína í íslenskt samfélag. Sigurður átti ævintýrlega ævi. Hann var sjómaður á Akranesi og í Reykjavík og slasaðist alvarlega í sjóslysi nokkru fyrir aldamótin 1900 og var örkuðlaður eftir það.

Hitt skáldið er Bjarni skáldi eða Bjarni Borgfirðingaskáld, sem var uppi á seinni hluta sextándu aldar og fyrri hluta þeirrar sautjándu. Hann var alinn upp á Húsafelli, kom einnig við á nokkrum stöðum í uppsveitum og sunnan Heiðar. Þótt ekki hafi varðveist miklar heimildir um ævi hans skilur hann eftir sig fallega



Helgi Bjarnason.

Ljós. úr safni/mm

sálma og kvæði, meðal annars sálma sem lengi voru taldar perllur í sálmabók Þjóðkirkjunnar, sem varpa munu ljóma á nafn hans á meðan íslenska er töluð.

Bókin kostar 5.000 krónur og fæst einungis hjá höfundi. Hægt er að panta hana með orðsendingu í skilaboðum á messenger á Facebook eða á netfangið helgibjarna@gmail.com eða þá í síma 669 1310.

Greiðslu má leggja inn á reikning 537-14-6215, kennitala 140753-7699. Þær pantanir úr Borgarfirði, af höfuðborgarsvæðinu og nágrenni sem berast fyrir 10. september 2024, verða keyrðar heim til kaupenda, án endurgjalds. Póstburðargjald vegna bóka sem senda þarf í pósti er 630 kr.

mm

Hefur veitt í Straumunum í 67 ár

„Ég veiði aðallega í vötnum og þeim hef ég „safnað“ nokkuð drjúgt. En ein á er föst hjá mér í veiði á hverju ári; Straumarnir í Hvítá í Borgarfirði,“ segir Friðrik Þór Guðmundsson, kallaður Lilló, í samtali við Skessuhorn. „Í Straumana fer ég gjarnan seinni part ágústmánaðar, þegar bæði er von á laxi og sjóbirtingi. Nær alltaf landar maður þar fiskum, en enginn grætur þó stöku fiskleysi, því náttúran er stórkostleg á þessum stað. Þarna mætast Hvítá, Norðurá og Grímsá og við blasir Baulan, Skessuhornið, Hafnarfallið og fleiri dásemdir í borgfirsri náttúru.“

Ég hef farið í Straumana í 67 ár, samkvæmt kvittunum og myndum, frá 1958 hið minnsta. Fyrst tæplega tveggja ára með æskufjölskyldunni og þá keypti pabbi gjarnan þrjú skipti á sumri. Seinni árin höfum við farið systkinin og vinafólk okkar. Sjaldan var raunar farið á seinni part áttunda og megnið af níunda áratugnum, en þá hafði ofveiði, aðallega með netum, orsakað að nánast ekkert veiddist lengur með stöng. En svo fór þetta smám saman að lagast og nú höfum við farið samfelld frá 2007. Maður



Jón Guðmundsson með fiska framan við gamla veiðihúsið.

þekkir þarna hverja þúfu og klöpp og veiðihúsið góða, sem ku vera annað elsta veiðihús landsins, á eftir Ensku húsunum á Mýrunum.“

Friðrik segir að megnið af sumrinu sé aðeins flugan leyfð, en spúnninn fær grænt ljós frá 1. ágúst. „Þetta eru takmarkanir sem maður fylgir auðvitað, en með eftirsjá, því hér áður fyrr

var fyrst og fremst veitt með maðki, gjarnan með léttri sökku og stríður straumurinn sá um hreyfinguna. En það breytir ekki því að flugan virkar fínt, einkum við Bugtina og Strenghornið og svo klikka svartir og silfráðir Tobar sjaldnast,“ segir Friðrik Þór að endingu.

gb



Friðrik Þór, Lilló, með lax úr Straumunum.



Æskumynd frá 1958. „Hún sýnir okkur systkinin fjögur og börn föðursystur á olíutank við Strauma-veiðihúsið.“

Sögusvið Eyja er Breiðafjörður og Stykkishólmur

Gróa Finnsdóttir hefur sent frá sér nýja bók, en hún nefnist Eyjar. Það er Bókautgáfan Sæmundur sem gefur út. „Fyrir þremur árum síðan gaf ég út bókina Hylinn sem gerist að mestu í Borgarnesi og fékk hún frábæra dóma. Sögusvið Eyja er hins vegar innanverður Breiðafjörður og Stykkishólmur líka að hluta,“ segir Gróa í samtali við Skessuhorn.

„Þetta er skáldsaga eins og Hylurinn og varð til þegar ég dvaldi hjá vinkonu minni sem er æðarbóndi við Breiðafjörð. Ég heillaðist af staðnum og einnig gömlum sögnum um Baskana sem stunduðu hvalveiðar á Ströndum og á Vestfjörðum fyrir á öldum. Þeir báru með sér sudrænan blóðhita og ég lét afkomendur þeirra í nútímanum vera í aðalhlutverki í bókinni. Það eru mæðgurnar þær Katrín og

Magdalena sem skiptast á að segja frá lífi sínu, ástum og misgóðum hjónaböndum og síðan samskiptum hvor við aðra. Þar leynast ýmis leyndarmál sem smám saman koma upp á yfirborðið. Ég reyni að sýna fram á hvað það getur reynst alvarlegur hlutur að geta ekki rætt út um hlutina, gert upp sín mál og haldið áfram að lifa góðu lífi í stað þess að eyðileggja líf sitt og annarra í einhverri fánlegri þráhyggju og kannski hroka án þess að geta fyrirgefið. Það mætti jafnvel setja það í stærra samhengi og heimfæra upp á heimsku þeirra sem heyja óskiljanleg stríð úti í hinum stóra heimi. En sjálfri finnst mér þetta vera fyrst og fremst hugljúf ástarsaga sem kannski einhverjir þekja sig í,“ segir Gróa. Hún bætir því við að þarna séu líka nokkrar persónur í skemmtilegum aukahlutverkum,

svo sem hlaupari á níraðisaldri, léttlynd „ljóska“, leiðinlegur rafvirki og eldheitur rósasérfræðingur. Og svo auðvitað æðurinn og hvers kyns gróður og ræktun hans.“

„Ég skrifaði þessa bók mest mér til gamans, óviss hvort af útgáfu yrði en velgengni fyrri bókar minnar, Hylsins, gaf mér byr undir báða vængi. Sú bók fékk einstaklega góða dóma bæði hjá gagnrýndum, lesendum og hlustendum sem gáfu mér kjark til að halda áfram. Ætli ég reyni ekki að skrifa eitthvað áfram meðan heillinn verður nokkurn veginn í lagi, því þetta er svo gaman.“

Bókina má nálgast hjá höfundu á kynningarverði meðan birgðir endast, með því að senda Gróu skilaboð - og einnig er bókina að finna í öllum betri bókabúðum.

mm




Gróa Finnsdóttir hefur nú sent frá sér nýja bók.

Fjallað um allt frá sjálfskeiðungi til vatnshrúts í nýrri bók

Bókin Búverk og breyttir tímar eru nýjasta afurðin úr ritsmiðju Bjarna á Hvanneyri

Í nýliðnum mánuði kom út hjá bókaforlaginu Sæmundi ný bók eftir Bjarna Guðmundsson á Hvanneyri. Nefnist hún Búverk og breyttir tímar. Þar fjallar höfundur um nokkur verk og verkfæri sem alþekkt voru á síðustu öld en hafa nú ýmist horfið úr verkahring eða breyst í helstu atriðum. „Þannig er minnt á þungan straum tímans en líka þróun þekkingar og tækni. Verkmennning þessa tíma íslensks þjóðlífs breyttist, ýmist í hægtum stífganda eða stórum stökkum. Saga varð til og í þessari bók eru brot af henni sögð,“ skrifar Bjarni á bókarkápu.

Við lestur bókarinnar er áhuga-vert að sjá hvernig Bjarni nálgast frásögn af ýmsum verkfærum með virðingu fyrir mikilvægi þeirra á sínum tíma. Mörg þessara tækja og tóla skiptu einfaldlega sköpum í búskap bænda og búaliðs. Hver gat til dæmis verið án vasahnífs, eða



Bjarni kynnti þá nýtkomna bók sína á Hvanneyri um miðjan ágúst. Ljós. mm

sjálfskeiðungsins, og gera menn sér grein fyrir fjölbreyttu hlutverki

hans? Meðal annarra verkfæra sem Bjarni fjallar um í bókinni má nefna



Forsíða bókarinnar.

heykvísl, aktygi og mjaltavélar; skilvindu, sauðaklippur, vatnshrút, heyvagna og traktora á tveimur hjólum. Þá er sagt frá búnaði til sauðfjárböðunar, girðingarefni, steypa byggingarsteina og vind-

myllur. Alls eru kaflar í bókinni 15 og er bókinn ríkulega myndskreytt ýmist með ljósmyndum eða skýringarteikningum eftir Bjarna.

Bækur Bjarna Guðmundssonar um búnaðarsögulegt efni hafa notið mikilla vinsælda enda fjallar hann um sitthvað sem hann þekkir vel, allt frá bernsku vestur á Kirkjuból í Dýrafirði, frá búnaðarnámi hér heima og erlendis og ekki síst frá búnaðarskólakennslu og fræðastörfum á Hvanneyri. Bjarni beitti sér fyrir stofnun Landbúnaðarsafns Íslands á Hvanneyri og fylgdi því verkefni úr hlaði. Segja má að þessi nýjasta bók hans tengist verkefnum safnsins, en allt er þetta samofid svo úr verður ein heild. Búverk og breyttir tímar á erindi til allra sem unna hag íslenskra sveita, samfélagsins þar fyrir og nú og ekki síst atvinnuháttum sem vissulega breytast líkt og við mennirnir.

mm

PENNAGREIN

Óskabarn Snæfellinga 20 ára



Föstudaginn 30. ágúst 2024 voru 20 ár upp á dag síðan Fjölbrautaskóli Snæfellinga var settur í fyrsta sinn. Um leið og við Snæfellingar gleðjumst yfir tilefninu er við hæfi að líta bæði um öxl og fram á við, því sagan af stofnun og starfsemi FSN verðskuldar að hún sé rifjuð upp.

Hugmynd fæðist, heimavinnan unnin

Um aldamótin síðustu fór sveitarstjórnarfolk á Snæfellsnesi að tala fyrir þeirri hugmynd að stofnaður yrði framhaldsskóli á svæðinu. Framhaldsdeild frá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi hafði verið starfrækt í Stykkishólmi og sérstakt þróunarverkefni um fjárnámsdeild á framhaldsskólastigi, kennt frá Verkmenntaskólanum á Akureyri, hafði verið í gangi í Grundarfirði. Upplýsingatæknin var í gríðarlegri uppsveiflu og margir voru orðnir móttækilegir fyrir tækifærunum sem sú þróun gaf fyrirheit um.

Í ársbyrjun 2000 stofnuðu sveitarfélögin á Snæfellsnesi undirbúningshóp, sem átti að skoða möguleikann á framhaldsskóla á svæðinu. Hópurinn skiladi af sér greinargerð, að lokinni rannsóknarvinnu og heim-sóknum í nokkra minni framhaldsskóla landsins.

Niðurstaða hópsins var á þá leið að framhaldsskóli ætti að vera raunhæft markmið fyrir Snæfellsnes – en að veikleika minni framhaldsskóla, eins og okkar yrði, bæri þó að taka alvarlega. Lykillinn að því að yfirvinna þá veikleika væri hagnýting upplýsingatækninnar. Það gildi nefnilega, að enginn lítill skóli gæti kennt alla nauðsynlega áfanga, sem hann þyrfti að geta boðið nemendum sínum, en allir skólar gætu kennt einhverja áfanga. Með aðstoð tækninnar gætu skólar skipst á að bjóða áfanga í fjárnámi og okkar nemendur gætu þá, sem dæmi, tekið viðbótaráfanga, kennda frá öðrum skólum, með stuðningi heima fyrir. Þannig mætti auka fjölbreytni í námsframboði skólanna, með samvinnu og hagnýtingu tækni. Þetta hljómaði, fyrir nær 25 árum, alls ekki eins sjálfsgott og það hljómar í dag. En fleiri spennandi breytingar voru handan við hornið og tóninn var sleginn strax í upphafi – fyrir nýjum kennsluháttum og óhefðbundnum skólum, á svo margvíslegan hátt.

Og þar með hófst samtalið við ríkisvaldið. Greinargerð undirbúningshópsins var send Birni Bjarnasyni, þáverandi menntamálaráðherra sem rökstuðningur með beðni sveitarfélaganna um stofnun framhaldsskóla á svæðinu. Því fylgdi staðfesting sveitarfélaganna á að þau hefðu ennfremur komið sér saman um hvar skólinn ætti að vera staðsettur, miðsvæðis á norðanverðu Snæfellsnesi – í Grundarfirði – og að daglegur skólaakstur nemenda á milli byggðarlaga væri lykilsforsenda. Framundan var mikil og lærdómsrík vegferð, vinna og málflutningur fyrir þessu brýna hagsmunamáli Snæfellinga.

Ákvörðun og undirbúningur

Það var svo loks 6. febrúar 2003 að menntamálaráðherra, sem þá var Tómas Ingi Olrich, lýsti því yfir að hafinn yrði undir-

búningur að stofnun framhaldsskóla á norðanverðu Snæfellsnesi, með samkomulagi við sveitarfélögin á svæðinu.

Fréttin spurðist út og Snæfellingar flögguðu íslenska fánanum, í bæ og sveit, í gleði sinni yfir þessari ákvörðun. Óhætt er að segja að íbúar hafi verið fullir eftirvæntingar og bjartsýni.

En rifjum aðeins upp af hverju Snæfellingar lögðust svo fast á árárnar í þessu máli. Í þó nokkurn tíma höfðu sveitarfélögin á Snæfellsnesi átt aðild að Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þrátt fyrir það sýndu tölur að á Snæfellsnesi væri menntunarstig umtalsvert lægra en á öðrum landsvæðum og brottfall úr námi væri umfram meðaltal. Hækkaður lögræðisaldur skv. nýsamþykktum lögum og breytt samfélagsleg viðhorf kölluðu á að börn væru ekki lengur send 15-16 ára í burtu af heimilum sínum, auk þess sem Snæfellingar vissu að tækifæri spretta af gróskumikilli kynslóð; að hafa þennan hóp heima gjörbreytti svo mörgu, bæði í félagslegu og efnahagslegu tilliti.

Snæfellingar töldu að með því að leggja áherslu á góða menntun í heimabyggð væri verið að stíga eitt veigamesta skrefið sem hægt væri, til eflingar byggðar og samfélags á Snæfellsnesi. Framhaldsskólinn var ósk íbúanna um að njóta þeirra gæða sem samfélag 21. aldarinnar gerði kröfur til.

Og sannarlega varð skólinn ein langbesta byggðaaðgerð sem hægt er að hugsa sér; óskabarn heimamanna og menntamálaráðuneytisins sömuleiðis. Þegar ákvörðun ráðherra lá fyrir, stílti ráðuneytið upp faglegu og metnaðarfullu skipulagi fyrir undirbúning komandi stórverkefnis þar sem aðferðum verkefnisstjórnunar var beitt á skilvirkan hátt. Verkefnisstjórn ráðuneytis og sveitarfélaga var sett á fót og verkefnisstjóri ráðinn. Vinnuhópar með fjölda manns tóku til starfa vorið og sumarið 2003, með fulltrúum nemenda, foreldra, skóla og íþróttastarfs, aðfengnu skólafólki og fleirum.

Mótuð var framtíðarsýn og markmið sett um skólastarf og aðstöðu. Byggt var á hugmyndafræði dreifnáms, sem er blanda af stað- og fjárnámi, með tilstyrk upplýsingatækni til fjölbreytts námsframboðs. Mikil áhersla var á almenna hagsmuni nemenda, einstaklingsmiðað nám var kjarninn og hugtökin „viðsýni, vellíðan og velferð“ voru frá upphafi nátengd hugmyndafræði skólans og útfærslu skólastarfsins.

Sérstök húsnæðisnefnd tók til starfa 3. apríl 2003 og síðar ákváðu sveitarfélögin að ráðast í það stórvirki að byggja sjálf húsnæði fyrir skólann. Í takt við hugmyndafræði skólans var byggingin hönnuð og aðlöguð þeirri námstillögun og skólastarfi sem stunda átti í húsinu. Og skólastarfið var sannarlega fullt af nýjungum, bæði í kennsluháttum og annarri starfsemi – sem kallaði því á óhefðbundið skólaumhverfi, í byggingu með opnu rými sem þekktist ekki í öðrum skólum á sama stigi.

Áskorun sveitarfélaganna fólst ekki eingöngu í að byggja óhefðbundið hús, heldur átti það að gerast á innan við 18 mánuðum! Það þurfti að finna fjárhagsmódel fyrir svo óhefðbundna verkaskiptingu

ríkis og sveitarfélaga í húsnæðismálum, semja við ríkið um fyrirkomulag og leigugreiðslur, ráða hönnuði í þetta sérstaka verk, ráða verktaka og koma þeim af stað – og byggja! – Allt þetta á innan við 18 mánuðum!

Í desember 2003 stofnuðu sveitarfélögin Jeratún ehf., félag til að koma fram út á við og halda utanum flóki viðfangsefni; þessa miklu fasteign í eigu sveitarfélaganna. Reyndist það góð ákvörðun þó róðurinn væri þungur fyrstu



Fjölbrautaskóli Snæfellinga í Grundarfirði.

Ljós. tfk

árin hjá félaginu og sveitarfélögin legðu félaginu til aukid hlutafé, svo dæmið gengi upp. Þann 17. desember 2003 var fyrsta skóflustungan tekin að húsinu. Það var byggingarfyrirtækið Loftorka og fjölmargir iðnaðarmenn og verktakar á Snæfellsnesi sem komu að jarðvinnu, byggingu og frágangi skólans og umhverfis hans.

Sérstakur ráðgjafarhópur starfadi um tækni- og búnaðarmál skólans og kennslufræðingur var ráðinn til starfa vorið 2003 vegna undirbúnings.

Í nóvember 2003 tóku grunnskólanemendur í 10. bekkjum á svæðinu sig til og stofnuðu fyrsta nemendaráðið, með aðstoð verkefnisstjóra, enda voru þau á leiðinni í glænýjan framhaldsskóla! Það var hugur í unga fólkinu okkar og þau ætluðu svo sannarlega að sjá til þess að félagsstarf yrði öflugt og gefandi, eftir heila níu mánuði, þegar framhaldsskólalífð hæfist.

Í lok árs 2003 komst FSN í fyrsta sinn á fjárlög og voru þá forsendur til að skipa skólanefnd, sem beið það fyrsta hlutverk að veita ráðherra umsögn við ráðningu skólameistara. Guðbjörg Adalbergsdóttir tók til starfa í upphafi árs 2004, sem fyrsti skólameistari FSN. Það var margt sem hún þurfti að láta til sín taka á komandi mánuðum, þó skólastarf hæfist ekki fyrr en að hausti.

Ef gripið er niður í fundargerð stjórnar Jeratúns ehf. 20. ágúst 2004, tíu dögum fyrir fyrstu skólaopningu í húsinu, þá segir þar orðrétt:

1. Ásgeir [Valdimarsson, formaður stjórnar] fór yfir hvernær hugsanlega væri hægt að fara inn í bygginguna.
2. Björgvin [Magnússon, eftirlitsmaður byggingarframkvæmda] taldi útilokað að hefja starf-

semi í húsinu fyrr en 29. ágúst.

3. Guðbjörg [Adalbergsdóttir, skólameistari] sagði frá því að hún þyrfti nauðsynlega að komast inn í húsið ekki síðar en 25. ágúst. Rætt var um þá möguleika sem hugsanlega eru fyrir hendi til að undirbúningur skólastarfs gæti gengið upp á sem bestan hátt.
4. Farið á byggingarstað og framkvæmdir skoðaðar.
5. Ákveðið að eftirlitið hafi samband við Loftorku og óski

nýjungar samhliða því að standa vörð um gæðin í skólastarfinu.

Skólinn okkar hefur notið þess frá upphafi að hafa gott og metnaðarfullt starfsfólk. Hann er sannkallaður „hornsteinninn í héraði“ en við vitum jafnframt, að við þurfum alltaf að vera á tánum.

Það var ákall Snæfellinga, frumkvæði þeirra og samstaða sveitarstjórnarfólks og íbúa, þéttur stuðningur þingmanna kjördæmisins og fagleg nálgun ráðherra og þeirra starfsfólks, sem var grunnurinn að stofnun skólans, auk afbragðs starfsfólks skólans sjálfs. Skólinn hefur nú starfað í tuttugu ár og hefur náð að byggja gott skólastarf, einmitt á sérstöðu sinni.

- Tuttugu ár eru nógu langur tími fyrir framhaldsskóla til að sanna gildi sitt og mikilvægi, fyrir nemendur, fyrir samfélögin okkar og fyrir íslenskt samfélag. Skólinn er fyrsta val unga fólksins okkar, sem á nú kost á því að stunda framhaldsnám í heimabyggð, nokkuð sem eldri kynslóðir nutu ekki.
- Tuttugu ár eru nógu langur tími til að sanna að framúrstefnulegir kennsluhættir virkuðu, þrátt fyrir efasemdarraddir og að hið óhefðbundna skólahúsnæði næði að þjóna hlutverki skólans vel; allt með aðlögun, eftir því sem reynslan kennið okkur.
- Tuttugu ár eru nógu langur tími til að festa sig í sessi sem framúrskarandi dreifnámsskóli, sem sinnir námsþyrstum nemendum víðsvegar í heiminum með sömu aðferðum, á sama tíma og nemendum á staðnum – og með framhaldsdeild á sunnanverðum Vestfjörðum sem skólanum hefur verið treyst til að starfrækja síðan haustið 2007.
- Nægur tími til að metnaðarfullir kennarar FSN hafi í áraðir verið eftirsóttir fyrirlesarar sem boðið er að kynna nýjungar í skólastarfi við fjölmörg tækifæri.
- Tuttugu ár eru líka nógu langur tími til að ná þeim frábæra árangri að eldri nemendur skólans séu nú orðnir kennarar nýjustu nemendanna og að FSN sé eftirsóttur vinnustaður.
- Og nægilega langur tími til að útskrifa rétt um 600 nemendur, frá fyrstu útskriftinni í desember 2005 – nemendur sem hefðu þurft að flytja í burtu eða hefðu jafnvel ekki lokið námi, hefði skólans okkar ekki notið við.

Í tuttugu ár hefur skólinn okkar sannað að hann var, er og verður óskabarnið okkar!

En eins og með öll börn, þá þarf að hlúa að og rækta. Við þurfum áfram að sýna metnað, vera framsækin og standa saman um skólann okkar! Ég er ekki í nokkrum vafa um að næstu tuttugu árin verða þá ekki síður til góðs og gæfu fyrir skólann, fólkið og samfélögin okkar!

Til hamingju FSN – til hamingju við öll!

Greinin er byggð á samantekt í ávarpi fluttu á 20 ára afmælishátíð FSN þann 30. ágúst 2024.

Björg Agústs dóttir, formaður skólanefndar FSN

Ávinningur af starfi FSN

Ég er sannfærð um að hugmynd um framhaldsskóla á Snæfellsnesi kom fram á hárréttum tíma. Að fara frá hugmynd að veruleika var ekki sjálfgefið. Stórfelldar tækni-breytingar, breytt samfélagsleg viðhorf og miklar samgöngubætur á Snæfellsnesi greiddu hugmyndinni leið og gerðu skólastarf mögulegt.

Í undirbúningi sögðum við Snæfellingar hátt og skýrt, að við vildum ekki bara einhvern framhaldsskóla; við vildum góðan framhaldsskóla, fyrir unga fólkið okkar – skóla með gott námsframboð, þar sem nemendum líði vel og hver einstakur nemandi væri miðpunkturinn. Við vildum skóla með skýra sýn og sérstöðu, sem hefði burði til að þróa

PENNAGREIN

Fjárfestingarslys og glötuð tækifæri



Með fullri virðingu fyrir ráðamönnum Akraneskaupstaðar þá hef ég miklar áhyggjur af fyrirætlunum þeirra varðandi byggingu hótels nánast á miðju íþróttasvæði ÍA eiginlega á miðjum knattspyrnuvelli. Einnig byggingu sundlaugar við bílastæði íþróttahússins algjörlega úr takti við Langasand og Guðlaugu og alla þá upplifun sem hægt er nýta sér á strandsvæðinu.

Það er ánægjulegt að það skuli vera áhugasamir fjárfestar sem vilja byggja hótél á Jaðarsbakkasvæðinu en það er galið að byggja hótelið á nánast miðjum aðalvelli okkar. Og ætla að reyna með veikum mætti og óþarfa gæðakostnaði að snúa velli með tilheyrandi flækjum svo hægt sé að koma hótelinu fyrir. Það er líka að hægt að finna hótélínu góðan stað víðar á Skaganum.

Uppbyggingin á Jaðarsbakkasvæðinu á að snúast um þjónustu við íþróttahreyfinguna í heild sinni, bæjarbúa og gesti Skagamanna, ekki bara um hótél og snúa Akranesvelli.

Ef það er ætlunin að bjóða uppá hótél á Jaðarsbökkum þá vil ég gjarnan benda á aðra lausn.

Ég hef haft mikla ánægju af því í gegnum áratugin að vinna með íþróttahreyfingunni og m.a. átt samskipti við Akraneskaupstað tengt íþróttahreyfingunni sem yfirleitt hafa verið góð en oft fátægleg hvað stuðning við rekstur og fjármögnun íþróttafélaga ÍA varðar.

Forsendur fyrir tillögunni

- Lágmarka fjárfestinguna svo fjárhagslegt svigrúm sé til að auka gæðin í starfi íþróttanna og æskulýðsstarfsemi á Akranesi.
- Möguleg þróun íþrótt- og æskulýðsuppbyggingar á svæðinu á heimsvísu.
- Upplifun og þjónusta við Skagamenn og gesti þeirra við Langasand verði sem best.
- Möguleg tekjumyndun á svæðinu.

Hugmyndin

Færa Jaðarsbakkalaug niður á Langasand t.d. sunnan við Akraneshöllina og/eða austan við Akraneshöllina með öllum þeim

einstöku tækifærum sem því fylgja tengt aðgengi, þjónustu, upplifun, tengingu við Guðlaugu, Langasand o.s.fv. Það eru endalaugar frumlegar sundlaugarlausnir til fyrir sambærilega staðsetningu eins og við Langasand.

Bjóða hótélstaðsetningu í staðinn þar sem gamla íþróttahúsið er og Jaðarsbakkalaug. Það má alveg bjóða hótelinu að kaupa Jaðarsbakkarið eða útsvæðið fyrir sína hótélgesti. Svo er alveg hægt að hugsa sér tengingu á milli nýja íþróttahússins og útsvæðisins við Jaðarsbakkalaug (núverandi) ef menn vilja halda í eitthvað af þeirri fjárfestingu tengt Akraneskaupstað.

Nýta núverandi grasbakka fyrir áhorfendastúku og byggja yfir þá og finna frumlegar sætislausnir í bökkunum. Af hverju þurfa stúkur að vera úr steypu? Af hverju ekki að reyna að nýta það sem er til? Grasbakkinn okkar er ein fjölskylduvænsta áhorfendastúka landsins. Gamla stúkan á Jaðarsbökkunum við Langasand yrði rifin og svæðið tengt þjónustu við Langasand og tengdist einstöku sundlaugarvæði og upplifun við Langasand. Auðvelt er að tvinna saman grasbakka stúkuna núverandi, hótelið, þjónustu ýmis-konar og aðgengi almennings m.a. inná völinn.

Ekkert hótél á Íslandi og þó víðar væri leitað hefði betri aðstæður til að blómstra en við þessar aðstæður. Það er stutt niður á Langasand í frekari þjónustu við hótélgesti.

Gleði og keppnisandi íþróttanna, hollustan, fegurðin og jákvæð upplifun flæðir um allt Jaðarsbakkasvæðið. Ef núverandi fjárfestir vill ekki kaupa þennan möguleika þá ætti að bjóða öðrum uppá það.

Fullkomnar aðstæður fyrir almenning sem og íþróttahópa á heimsvísu til að „þjálfa“ sig andlega og líkamlega þess vegna út ævina.

Ég ímynda mér að þessi framkvæmd yrði ódýrari og farsælli en núverandi hugmyndir og þar með veita svigrúm til að stöðja við félagsstarf íþrótt- og æskulýðs bæjarins.

Ég nýti mér Langasandsvæðið á hverjum morgni við sólarupprás til að efla mig andlega og líkamlega. Samhliða hef ég látið mig dreyma um glæsilega og farsæla uppbyggingu Jaðarsbakkasvæðisins öllum til hagsbóta.

Ég er ekki sá eini sem hef áhyggjur af áformum Akranesbæjar um uppbyggingu á Jaðarsbökkum.

Akranesi 1. september 2024.

Sturlaugur Sturlaugsson
Höf. er forstöðumaður Fjölskiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu og íbúi á Akranesi.

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463

GRUN NETAGERÐ

VÖRUR OG ÞJÓNUSTA

VOGIR
Bilavogir
Kranavogir
Skeifvogir
Pallvogir
Aflstrarhausar

RAFMAGN
Húsarafmagn
Töflusmiði
Iðnaðarrafmagn
Bátarafmagn
Bilarafmagn

Fyrir alla vigtn

vogir@vogir.is Sími 433-2202

Bilabær

Vesturland bíla og smávælaflutningar.

Tökum að okkur flutning á bílum heilum eða tjónuðum ásamt smávinnuvélum. Flytjum um allt land. Leiðir tilboda í síma: 437-1300 / 692-5525 Bilabær sf.

- Meirapróf - Fjarnám - Aukin ökuréttindi
Verkleg kennsla/próf; Akranes - Reykjavík, - valkvætt.
Upplýsingar á aktu.is og í síma 892-1390.

AKTU
Ökuskóli allra landsmanna

Skagaráf ehf
Alhliða rafþjónusta

SKAGARAF
Rafþjónusta til þín

777 2322
skagaraf@gmail.com

Getum við aðstoðað þig?

Fjölritunar- og útgáfupjónustan

sími: 437 2360
olgeirhelgi@islandia.is

Hönnun prentgripa & alhliða prentþjónusta
Dreifibréf - Boðsbréf
Ritgerðir - Skýrslur
Reikningar - Eyðublöð
Umslög - Bréfséfnir

Marikó
Verislan og spa

Opið frá kl. 16 - 21 alla virka daga!
s. 788-5410 - Smíðjuvellir 32

Hellulagnir
Veggheðslur
Þökulagnir
Jarðvegsskipti
Trjáklippingar
Gróðursetningar
Gröfupjónusta
Vörubíll með krókheysi
Vörubíll með krana
Traktor og sturtuvagn
Trjáskurlari
Snjómokstur og sóltun

SIGUR-GARÐAR

H P Pípulagnir ehf.
Alhliða pípulagnarþjónusta

hppipulagnir@gmail.com
Sími 820 3722

LÖGGILTUR
PÍPULAGNINGA-
MEISTARI

MÁLNINGARVINNA
CARLS
ALHLIÐA MÁLNINGARÞJÓNUSTA

896-5801 mvc.is
carl@mvc.is

Hér hefur
Sigurður H. Magnússon
f. 3. 4. 1944 d. 21. 3. 2016

GRANÍT
STEINAR

EB
VERKTAKAR

www.ebverktakar.is
Sími 785 0587
eb@ebverktakar.is

— ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA INNI SEM OG ÚTI —

KJARNABORUN
STEINSÖGUN
MÚRBROT

Hafsteinn Daniélsson ehf.
Sími: 862 8874 - 433 8949

Glæpakviss í Glæpafári

Fimmtudaginn 5. september býðst áhugafólki um glæpasögur og spurningakeppnir að taka þátt í viðburði sem sameinar þetta tvennt, þegar Hið íslenska glæpafélag efnir til lauflettrar en þó skuggalega spennandi spurningakeppni um íslenskar glæpasögur í samstarfi við 21 almenningsbókasafn hringinn í kringum landið. Hér á Vesturlandi verður keppnin haldin á Bókasafni Akraness kl. 16:30 og á Héraðsbókasafni Borgarfjarðar í Borgarnesi kl. 17.

„Keppnin, sem er með hefðbundnu kráarkeppnisniði, er ýmist haldin á bókasöfnunum

sjálfum eða á kaffi- eða öldurhúsi í næsta nágrenni, og spurningarnar eru allstaðar þær sömu, þótt umhverfi, veitingar og verðlaun verði með ýmsum hætti. Við hvetjum alla unnendur glæpasagna - og spurningakeppna - til að fjölmenna og taka þátt í fordæmalausri og þaulskipulagðri glæpagleði,“ segir í tilkynningu.

Glæpakvissið er liður í Glæpafári á Islandi, afmælisdagskrá Hins íslenska glæpafélags, sem fagnar 25 ára tilvist sinni og velgengni íslenskra glæpasagna í ár með fjölmörgum og fjölbreytilegum viðburðum víða um land. Flestir – en



þó ekki allir – viðburðir Glæpafársins eru haldnir í samvinnu við almenningsbókasöfn landsins. Allar upplýsingar um kvissið og aðra viðburði Glæpafársins má finna á Facebook-síðu Hins íslenska glæpafélags.

mm

Á DÖFINNI

Dalir

Fimmtudagur 5. september

List í Dölum – Opið fræðsluerindi í Nýsköpunarsetri Dalabyggðar og hefst það klukkan 17.00.

Akranes

imttudagur 5. september

Hið íslenska glæpafélag ásamt Bókasafni Akranes bjóða gestum í Glæpakviss, tengt íslenskum glæpasögum og glæpasagnaritum á almenningsbókasöfnum vítt og breitt um landið. Viðburðurinn hefst klukkan 16.30.

Borgarbyggð

Fimmtudagur 5. september

Hið íslenska glæpafélag ásamt Safnahúsi Borgarfjarðar bjóða gestum í Glæpakviss, tengt íslenskum glæpasögum og glæpasagnaritum á almenningsbókasöfnum vítt og breitt um landið. Viðburðurinn hefst klukkan 17.00.

Akranes

Föstudagur 6. september

Mugison spilar í Akraneskirkju klukkan 20.00.

Borgarnes

Föstudagur 6. september

Lokahátíð Sumarlesturs í Safnahúsi Borgarfjarðar og hefst dagskráin klukkan 16.00.

Akranes

Laugardagur 7. september

ÍA og Gróttá mætast í Lengjudeild kvenna í knattspyrnu. Viðureignin verður í Akraneshöllinni og hefst klukkan 14.00.

Akranes

Laugardagur 7. september

Kári og Augnablik eigast við í 3. deild karla í knattspyrnu. Viðureignin verður í Akraneshöll og hefst klukkan 17.00.

Hvítársíða

Laugardagur 7. september

Nesmelsrétt.

Hvalfjörður

Sunnudagur 8. september

Landvernd umhverfissamtök bjóða í göngu upp Brekkukamb, frá Miðsandi í Hvalfirði. Gangan hefst klukkan 09.30, við gömlu Þyrils-sjoppuna í Hvalfirði.

Skorradalur

Sunnudagur 8. september

Hjóla- og gönguferð yfir Skarðsheiði en ferðalagið hefst klukkan 11.00 við Hreppslaug.

Akranes

Sunnudagur 8. september

Vaclav Havelka heldur tónleika í Akranesvita og hefjast þeir klukkan 16.00. Aðgangur ókeypis.

Kolbeinsstaðarheppur

Sunnudagur 8. september

Kaldárþakkarétt.

Melasveit

Sunnudagur 8. september

Núparétt kl. 13.

Skorradalur

Sunnudagur 8. September

Hornsrétt.

BORG
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Fagmennska, virðing og umhyggja er leiðarljós okkar hjá Borg útfararþjónustu.

Veitum þjónustu á öllu Vesturlandi, höfuðborgarsvæðinu og víðar, ef þess er óskað.

Umsjón útfara



Gréta Björgvinsdóttir
s: 770 0188



Guðný Bjarnadóttir
s: 869 7522

www.borgutfor.is

Fréttaveita Vesturlands



Garða- og Saurbæjarprestakall



Sunnudagur 8. september

Akraneskirkja

Fjölskylduguðsþjónusta og sunnudagaskóli kl. 11

Miðvikudagur 11. september

Kyrrðarstund kl. 12:10

Súpa í Vinaminni eftir stundina.

Opið hús kl. 13:15

Söngur og gleði.



www.akraneskirkja.is

SKESSUHORN 2024

NÝFÆDDIR VESTLENDINGAR



Drengur fæddur 28. ágúst 2024.

Þyngd: 4.460 gr. Lengd: 53 cm.

Foreldrar: Salvör Svava G. Gylfadóttir og Sigurður Eggert Sigurðarson, Kópavogi. Ljós móðir: G. Erna Valentínusdóttir.

Við óskum þessum nýju Vestlendingum til hamingju.

5.000 kr. gjafabréf bíður þeirra í verslun okkar Dalbraut 1.

LINDEX



SPURNING
VIKUNNARBorðar þú morgunmat, og ef
já, hvað borðar þú yfirleitt?

Spurt á Hvanneyri

Oddný Kristín
Guðmundsdóttir
„Nei, ég borða ekki
morgunmat.“Anton Torfi Bergsson
„Hafragrautur og slátur
alla virka morgna.“Hrafn Þórir Hákonarson
„Tortillur og hafragraut
í eftirrétt.“Lára Þorsteinsdóttir Roelfs
„Hafragrautur með
kanil og eplum.“Hafís Jóbannsdóttir
„Svart kaffi.“

Skagamenn stóðu sig vel í pílunni

Pílufélag Akraness tók þátt í Íslandsmóti félagsliða í pílu um helgina og fór mótið fram með pomp og prakt í aðstöðu Pílu-kastfélags Reykjavíkur á Tangarhöfða. Gunnir Hó komst í átta manna úrslit í einmenningu en féll úr leik eftir hörku viðureign við Hallgrím Egilsson frá Pílu-kastfélagi Reykjavíkur. Hallgrímur er margreyndur landsliðsmaður og hefur orðið Íslandsmeistari í greininni. A-lið PFA, sem var skipað þeim Sigga Tomm, Gunna Hó, Stefáni Bjarka Ólafssyni og Steinari Sævarssyni, komst einnig í átta liða úrslit í liða-keppninni en tapaði fyrir Pílu-kastfélagi Skagafjarðar í oddaleik.

Alls sendu níu aðildarfélög inn

lið til keppni á Íslandsmótinu og stóð Pílu-kastfélag Grindavíkur uppi sem sigurvegari í bæði karla- og kvennaflokki. Í karlaflokki endaði PG með 240 stig og voru 107 stigum á undan Pílu-kastfélagi Reykjavíkur sem lenti í 2. sæti með 133 stig. Pílu-kastfélag Reykjavíkur lenti síðan í 3. sæti með 105 stig en Pílu-kastfélag Akraness varð í 7. sæti með 44 stig.

vaks

Liðsmenn Pílu-kastfélags
Akraness voru
sáttir eftir mótið.
Ljós. PFAKári tryggði sér sæti í
2. deild með sigri á Magna

Knattspyrnufélag Kára frá Akranesi vann stórsigur á liði Magna frá Grenivík á útivelli á föstudagskvöldið og þeir biðu síðan spennu í rútnu á heimleið eftir úrslitum úr leik Augnabliks og Árbæjar sem hófst seinna um kvöldið. Jafntefli varð niðurstaðan í þeim leik sem þýddi að Kári gat fagnað af miklum móð sæti sínu í 2. deild á næsta tímabili.

Eftir jafntefli og tap í síðustu tveimur leikjum var fljótlega ljóst í leiknum að Káramenn voru komnir norður til að hirða öll stig þrjú. Fyrirliði Kára, Sigurjón Logi Bergþórsson, fór fyrir sínum mönnum eins og oft áður í sumar og skoraði fyrsta mark leiksins á 17. mínútu. Ekki voru fleiri mörk skorud í fyrri hálfleik og staðan 0-1 fyrir Kára.

Axel Freyr Ivarsson kom síðan Kára í 0-2 skömmu eftir hálfleik og Mikael Hrafn Helgason skoraði þriðja mark Kára á 69. mínútu en hann hafði komið inn á sem varmaður einni mínútu áður. Helgi Rafn Bergþórsson gulltrygðði á lokamínútnu sigurinn með fjórða marki Kára og lokatölur stórsigur gestanna, 0-4.

Það er óhætt að segja að Kára-



Káramenn að fagna sigrinum inn í klefa eftir leik.

Ljós. Kári

menn eigi sætið í 2. deild fyllilega skilið því þeir hafa nánast verið óstöðvandi í sumar. Þeir hafa unnið 14 leiki, gert fjögur jafntefli og aðeins tapað tveimur þegar tvær umferðir eru eftir af deildinni. Kári er í efsta sætinu með 46 stig, Víðir er með 41 stig í öðru sæti, Árbær er í því þriðja með 39 stig og í fjórða sæti er

Augnablik með 38 stig. Þessi þrjú lið keppast um að fá að fylgja Kára upp um deild í sumar og það verður því hart barist í síðustu tveimur umferðunum. Ekki er spennan minni í neðri hlutanum því þar geta enn tölfræðilega séð sjö lið fallið þó að lið KV og Vængir Júpíters séu líklegust miðað við gengi þeirra upp á síð-

kastið en það kemur allt í ljós á næstu tveimur vikum.

Næsti leikur Kára er síðasti heimaleikur liðsins í sumar og þar geta Káramenn með sigri tryggt sér sigur í 3. deild árið 2024. Lið Augnabliks mætir í Akraneshöllina næsta laugardag og hefst leikurinn klukkan 17.

vaks

Skallagrímur upp úr fallsæti

Skallagrímur tók á móti RB á Skallagrímsvelli á laugardaginn. Um var að ræða næstsíðustu umferð 4. deildar karla í knattspyrnu en liðin voru í tveimur neðstu sætum deildarinnar fyrir leikinn, RB var með 8 stig en Skallagrímur með 14. Heimamenn í Skallagrími voru án tveggja lykilleikmanna sem tóku út leikbann. Markahæsti leikmaðurinn, Snorri Sölvason, var fjarri góðu gamni sem og Carlos Saavedra. Nokkur úrkoma og vindur var í Borgarnesi þegar þessi mikilvægi leikur var spilaður og byrjuðu gestirnir úr RB með vindinn í bakið.

Skallagrímur náði forystu á 19. mínútu þegar Declan Redmond skoraði laglegt mark eftir skemmtilegt uppspil og virtust heimamenn vera með öll tók á leiknum. RB náði að sprengja upp leikinn með snöggu skynsóknum og mátti Robert Winogrodzki markmaður Skallagríms hafa sig allan við. Leikmenn RB náðu loks að koma boltanum í netið með draumamarki en

á 36. mínútu náði Makhtar Sangue Diop hjólhestaspyrnu sem söng í neti Skallagríms. Við markið virtust leikmenn RB tvíeflast og náðu þeir að skora annað mark þegar komið var í uppbótartíma í fyrri hálfleik. Staðan 1-2 fyrir RB í hálfleik.

Lið Skallagríms kom út úr búningsklefanum staðráðið í að jafna metin sem fyrst og sú varð raunin. Sigurður Arnar Sigurðsson jafnaði á 55. mínútu og stúkan hristist vel. Skallagrímismenn fóru að færa sig töluvert ofarlega á vellinum, settu mikla pressu á varnarmenn RB og það skilaði sér í marki frá Viktori Inga Jakobssyni á 68. mínútu. Gestir í stúkunni fóru nú að hvetja af krafti og heimamenn héldu áfram að setja pressu á leikmenn RB. Recoe Martin kom Skallagrími í 4-2 á 88. mínútu og þegar þrjár mínútur voru komnar í uppbótartíma, skoraði Viktor Már Jónasson og Skallagrímur með gríðarlega mikilvægum sigri, 5-2.

Með sigrinum komst Skallagrímur upp úr fallsæti en á sama tíma tapaði



Viktor Ingi Jakobsson og Hörður Óli Þórðarson kátir eftir sigurinn gegn RB.

KFS sínum leik og eru því lið RB og KFS komin í fallsæti. Eingöngu er ein umferð eftir af Íslandsmótinu. RB er fallið niður í 5. deild en liðið er með 8 stig, KFS er með 16 stig í níunda sæti, Skallagrímur með 17

stig í áttunda sæti og KH er í sjöunda sæti með 19 stig.

Síðasti leikur Skallagríms er næsta fimmtudag en þá ferðast liðið til Selfoss og spilar gegn Árborg kl. 20.

big



Hart barist í leik Víkings og KFG.

Ljós. af

Ólsarar unnu stórsigur á KFG og halda í vonina

Víkingur Ólafsvík tók á móti KFG í 20. umferð 2. deildar karla í knattspyrnu á sunnudaginn og var leikurinn á gervigrasvöllinum í Ólafsvík. Björn Axel Guðjónsson kom Víkingi yfir eftir um hálf tíma leik og á lokamínútu fyrri hálfleiks var staðan orðin 2-0 þegar Ivan Rodrigo Blanco skoraði annað mark heimamanna.

Eftir um tíu mínútna leik í seinni hálfleik var Benedikt Pálmason leikmaður KFG rekinn af velli eftir að hafa fengið sitt annað gula

spjald og í kjölfarið fékk liðsstjóri gestanna, Andri Már Logason, rautt spjald á bekknum. Einum fleiri nýttu heimamenn sér liðsmuninn og markahrókurinn Gary Martin skoraði þriðja mark Víkings á 65. mínútu. Það var síðan hinn ungi og efnilegi Asmer Begic sem skoraði síðasta mark leiksins á lokamínúttunni og sitt fyrsta mark fyrir Víking, lokatölur 4-0 Víkingi í vil.

Þegar aðeins tvær umferðir eru eftir er Selfoss í fyrsta sæti með 47 stig og hefur tryggt sér sigur í

deildinni og sæti í Lengjudeildinni á næsta ári. Þrjú lið berjast um hitt sætið og þar er spennan mikil. Völsungur er í öðru sæti með 39 stig og Þróttur Vogum og Víkingur eru í jöfn í 3.-4. sæti með 38 stig. Völsungur og Þróttur mætast í næstu umferð og Ægir tekur á móti Víkingi í Þorlákshöfn en Ægir þarf eitt stig til að tryggja sæti sitt í deildinni. Næstsíðasta umferðin er næsta sunnudag og hefjast leikirnir klukkan 14.

vaks

Skagamenn töpuðu gegn KR

KR og ÍA tókust á í 21. umferð Bestu deildar karla í knattspyrnu á sunnudaginn og var viðureignin á Meistaravöllum í Frostaskjólínu. Skagamenn komust yfir í leiknum á tíundu mínútu þegar Viktor Jónsson náði skalla inn fyrir vörn KR á Hinrik Harðarson sem kom boltanum fram hjá Guy Smit, markmanni KR, úr þröngu færi og í netið. En KR-ingar voru ekki lengi að svara fyrir sig því aðeins tveimur mínútum síðar jafnaði Benóný Breki Andrésen metin fyrir heimamenn og staðan 1-1.

Á 17. mínútu var falleg stund þegar dómari leiksins, Helgi Mikael Jónsson, stöðvaði leikinn. Allir leikmenn, þjálfarar, starfsmenn og áhorfendur risu á fætur og klöppuðu í mínútu til minningar um Bryndísi Klöru Birgisdóttur sem lést á Landspítalanum í vikunni eftir hræðilega árás á Menningarnótt.

Benóný Breki var síðan aftur á ferðinni á 28. mínútu þegar hann skoraði eftir slakan varnarleik gestanna og hann fullkomnaði síðan þrennuna tíu mínútum fyrir hálfleik þegar hann kom boltanum í netið eftir fyrirgjöf. Staðan 3-1 fyrir KR í leikhléi og gestirnir í vondum málum eftir alls ekki góða spilamennsku.

Skagamenn komu þó til baka í seinni hálfleik þegar Viktor Jónsson skoraði sitt 16. mark í sumar á 62. mínútu með skalla eftir sendingu



Hinrik Harðarson skoraði sitt fimmta mark í sumar á móti KR. Hér í leik gegn Breiðablik fyrir í sumar. Ljós. gbh

frá Steinari Þorsteinssyni og smá vonarglæta hjá ÍA. Litlu munaði að Benóný Breki skoraði sjálfsmark skömmu síðar en boltinn fór rétt yfir mark KR. Skagamenn áttu síðan nokkur ágætis færi og fengu fimm hornspyrnur í röð en inn fór tuðran ekki og í millitíðinni fékk Jón Þór Hauksson þjálfari ÍA rautt spjald fyrir litlar sakir. Það var síðan í uppbótartíma sem Luke Rae fékk boltann inn fyrir vörn ÍA og skoraði fjórða mark KR í leiknum, lokatölur 4-2.

vaks



Byrjunarlið ÍA á móti ÍBV.

Ljós. kfla

Skagakonur með sterkan sigur á ÍBV

ÍBV og ÍA áttust við í Lengjudeild kvenna í knattspyrnu á laugardaginn og var leikurinn á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum. Fyrir leik voru heimakonur í 4. sæti með 25 stig en gestirnir í 6. sæti með 23 stig og gátu með sigri komist fyrir ofan ÍBV í töflunni.

Það voru frekar erfiðar aðstæður á Hásteinsvelli, rigning og rok á köflum og völlum var vel blautur. Skagakonur voru betri í fyrri hálfleik og voru með fulla stjórn á leiknum. Þær fengu nokkur færi en Sunna Rún Sigurðardóttir átti það hættulegasta þegar skot hennar small í slá ÍBV eftir aukaspyrnu. Staðan markalaus í hálfleik og Skagakonur nokkuð sáttar með leik sinn.

Þær komust síðan yfir í leiknum á 67. mínútu þegar þær fengu hornspyrnu, þær tóku stutt horn og sendu boltann fyrir markið. Þar var mætt Madison Brooke Schwarzenberger sem skallaði knöttinn í markið og staðan 0-1 fyrir ÍA. Korterir fyrir

leikslok fengu heimakonur gefins vítaspyrnu þegar dómari sýndist boltinn fara í hönd leikmanns ÍA sem var alls ekki rétt en víti dæmt. Það kom ekki að sök því leikmaður ÍBV skaut yfir markið. Eins og fyrr í leiknum komst ÍBV lítt áleiðis gegn sterkri vörn gestanna það sem eftir lifði leiks og ÍA fagnaði góðum og sterkum sigri á erfiðum útivelli, lokatölur 0-1 fyrir ÍA.

Lið FHL er í efsta sæti Lengjudeildarinnar þegar ein umferð er eftir, er með 40 stig og er komið upp í Bestu deildina. Fram og Gróttá sem eru í 2.-3. sæti með 31 stig berjast um hitt sætið og Skagakonur, sem eru í 5. sæti, geta haft mikil áhrif á hvaða lið fer upp. Þær taka á móti liði Gróttu í Akraneshöllinni í síðustu umferðinni á meðan Fram mætir toppliði FHL á heimavelli. Lokaumferðin fer fram á laugardaginn og hefjast allir leikir á sama tíma eða klukkan 14.

vaks



STARF FYRIR JÁRNIÐNAÐARMANN EÐA VÉLVIRKJA Á SIGLUFIRÐI

JE vélaverkstæði/Bátasmiðja á Siglufirði leitar að framtíðarstarfsmanni með reynslu, járniðnaðarmanni eða vélvirkja sem getur unnið sjálfstætt og hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni eru almennar vélavíðgerðir, blikksmíði og járnsmíði, viðhald á bátum og skipum.

Áhugasamir sendið tölvupóst með umsókn/ferilskrá á jevelar@simnet.is.

Sími 467 1296



GOES



GOES TERROX 500L

Gæðahjól á góðu verði

Goes Terrox 500L er tveggja manna fjórhjól með 495 kúbika mótör með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók og sætisbaki. Sjálfstæð tvöföld A-arma fjöðrun, hátt og lágt drif með læsingu, fjórhjóra- eða afturdrifið. CVT kúpling, 25 tommu dekk, 14 lítra bensíntankur. USB tengi, stuðrarar framan og aftan og geymsluhólf að aftan. Götuskráð á hvítum númerum T3b. Heildarþyngd 382 kg. 33 hestöfl.



1.199.000,-

Goes fjórhjólin hafa verið seld á Íslandi í nokkur ár við góðan orðstýr. Í janúar á þessu ári keypti CFMOTO sem hafa séð um framleiðslu á vélbúnaði hjóllanna Goes merkið af frönsku eigendunum. CFMOTO mun í framtíðinni sjá um alla framleiðslu á Goes. Stefna þeirra er að bjóða upp á gæðahjól á góðu verði og verður Nítró nýr innflutningaðili fyrir Goes á Íslandi með umboðsmenn víða um land.



Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Umboðsaðilar:
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðarkróki.
Suður England, Selfossi. Bikevík, Reykjanesbæ,
AB varahlutir, Egilsstöðum.